

Nefndasvið  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 135/370  
komudagur 22.11.2007



**Akureyrarbær**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI  
Samfélags- og mannréttindadeild

Akureyri, 20. nóvember 2007  
2007110049 / 02-605-01

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, 149. mál**

Samfélags- og mannréttindaráð Akureyrar hefur á fundi sínum þann 14. nóvember 2007 gert eftirfarandi bókun:

**"Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003.**

2007110049 / 02-605-01

Frumvarp um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 sem nú liggur fyrir Alþingi tekið til umfjöllunar.

*Samfélags- og mannréttindaráð Akureyrarbæjar lýsir stuðningi sínum við þau markmið sem fram koma í frumvarpinu um að bæta réttarstöðu feðra í forsjármálum og jafna foreldraábyrgð. Veruleg líkindi eru til þess að þessi breyting muni þegar til lengri tíma er litið hafa mikil og jákvæð óbein áhrif í jafnréttisbaráttunni fyrir bæði kynin."*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

f.h. Samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar

*Katrín B. Ríkarðsdóttir*  
Katrín Björg Ríkarðsdóttir  
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. feb. 2008

**Umsögn um: frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum. (135 löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 159 – 149 mál)**

Barnaheill vilja hér ítreka þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru, og á það einnig við í umgengnis- og/eða forsjármálum.

Barnaheill vilja einnig taka það fram að í athugasemdum samtakanna er alltaf átt við foreldra sem bæði eru vel hæfir uppalendur og þar sem engin sérstök atriði mæla gegn því að forsjá sé sameiginleg og umgengni sem jöfnust.

Athugasemdir Barnaheilla um breytingatillögur í frumvarpinu eru eftirfarandi:

**1. Að karlmaður sem telur sig föður barns geti höfðað barnsfaðernismál þótt barnið sé feðrað.**

Barnaheill styðja þessa breytingu. Að mati samtakanna er eðlilegt að tryggja karlmanni heimild til að höfða barnsfaðernismál ef hann telur sig föður barns og er það í samræmi við 1. gr. barnalaga sem mælir skýrt fyrir um rétt barns til að þekkja báða foreldra sína.

**2. Foreldrar með sameiginlega forsjá verða að ákveða sameiginlega flutning lögheimilis barnsins.**

Að mati Barnaheilla er það grundvallaratriði að foreldrar hafi samráð um flutning. Samtökin telja það hins vegar orka tvímælis að sett sé í lög ákvæði sem bannar öðru hvoru foreldrinu að flytja. Barnaheill leggja í staðinn til að ef upp kemur ágreiningur um flutning að foreldrar verði skyldaðir samkvæmt lögum að leita ráðgjafar hjá fagaðila og komast þannig að samkomulagi. Samtökin leggja áherslu á að slík ráðgjöf verði greidd af opinberum aðilum þannig að foreldrar geti ekki komið sér hjá ráðgjöf vegna þess að þau hafi ekki efni á henni.

**3. Að meginreglan verði sú að forsjá barns færast til langlífari kynforeldrisins án tillits til þess hvort foreldrar hafi farið saman með forsjána eða ekki. Foreldri getur þó áfram gert yfirlýsingu um aðra ráðstöfun.**

Barnaheill styðja þessa breytingu þegar forsjá foreldra hefur verið sameiginleg.

Ef forsjáin hefur ekki verið sameiginleg finnst Barnaheillum skipta máli hver sé ástæða þess fyrirkomulags. Ef langlífari kynforeldrið hefur til dæmis misst forsjána vegna vanhæfis telja samtökin ekki að forsjáin eigi að færast til viðkomandi nema aðstæður hafi breyst verulega og sú ráðstöfun sé talin barninu vera fyrir bestu.

Barnaheill telja afar mikilvægt að í þeim tilvikum sem forsjáin hefur ekki verið sameiginleg verði hvert tilvik metið fyrir sig út frá því sem barninu er fyrir bestu. Mikilvægt er að forsjárskipanin verði ákvörðuð með hliðsjón af þörfum barnsins og hag þess, en ekki af þörfum foreldrisins sem í hlut á.

**4. Að foreldrar geti samið svo að lögheimili barns verði hjá þeim báðum.**

Barnaheill styðja þessa breytingu. Samtökin sjá ekkert því til fyrirstöðu að foreldrar geti samið svo um sín á milli ef þau kjósa það og ef það er barninu fyrir bestu að lögheimilið sé hjá þeim báðum.

**5. Að hægt verði framvegis að dæma sameiginlega forsjá.**

Barnaheill styðja þessa breytingu með þeim fyrirvara að sáttameðferð og fræðsla verði lögbundin fyrir fólk sem vill slíta sameiginlegri forsjá, á fyrstu stigum dómsmálsins. Samtökunum þykir mikilvægt að áður en ákvörðun er tekin um að slíta sameiginlegri forsjá verði foreldrar skyldaðir til að sækja viðtalsmeðferð hjá sérfræðingi sem gefur síðan álit um hvort hann telji að raunverulegar forsendur séu fyrir því að forsjáin verði sameiginleg. Það er að segja hvort þessir tilteknu foreldrar séu líklegir til að vinna saman eða geta unnið saman að farsælu uppeldi barnsins þannig að bestu hagsmunir þess séu tryggðir. Að mati Barnaheilla er góð samvinna foreldra forsenda þess að hægt sé að dæma sameiginlega forsjá. Barnaheill leggja áherslu á að fyrrnefnd sáttameðferð og fræðsla verði greidd af opinberum aðilum og fari fram á fyrstu stigum dómsmálsins.

**6. Að dómari geti ákveðið svo rúma umgengni að barnið dvelji allt að sjö daga af hverjum fjórtán hjá því foreldri, sem það á ekki lögheimili hjá.**

Barnaheill styðja það að dómari hafi svigrúm til að ákveða svo rúma umgegni ef það er talið barninu fyrir bestu og foreldrar hafa ekki náð samkomulagi þar að lútandi. Samtökin leggja hins vegar ríka áherslu á að barn komi aldrei til með að þurfa að ganga í fleiri en einn skóla.

**7. Að í bráðabirgðaforsjármáli verði óheimilt að slíta sameiginlegri forsjá nema skýrir hagsmunir barnsins krefjist þess.**

**8. Að dómari í bráðabirgðaforsjármáli geti ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili barns til bráðabirgða.**

**9. Að í bráðabirgðaforsjármáli verði óheimillt að færa forsjá frá öðru foreldri til hins nema fyrir liggja að forsjárhæfni forsjáforeldris sé skert.**

Barnaheill styðja þessar breytingar en ekki með þeirri röksemdafærslu frumvarpsins að þetta muni jafna stöðu foreldra sem mest í forsjárdeilu heldur að þessi breyting sé barninu fyrir bestu. Þ.e. að þessi breyting muni tryggja barni umgengni við báða foreldra sína meðan forsjárdeila er fyrir dómstólum og að það sé útgangspunkturinn en ekki það að foreldrarnir standi jafnir.

**10. Að sú meginregla gildi að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema þau ákveði annað í samningi eða sýslumaður úrskurði á annan veg. Gert er þó ráð fyrir að sýslumaður skuli við það miða í úrskurðum sínum að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt milli foreldra.**

Barnaheill telja að þörf sé á skýrari skilgreiningu á *umgengni* í greinargerð. Barnaheill styðja þessa breytingu ef átt er við ferðakostnað milli lögheimila foreldra landshluta á milli en samtökin styðja þessa breytingu ekki ef átt er við til dæmis ferðalög til útlanda, bíó-sund-eða strætómiða. Slíkt yrði of foreldramiðað og þá væri ekki lengur verið að hugsa um hvað barninu væri fyrir bestu heldur hagur foreldranna þá hafður að leiðarljósi. Slík skipting væri til þess fallin að ýta undir ósamkomulag milli foreldra þar sem barnið gæti lent á milli.

Rétt er hins vegar að mati Barnaheilla að kostnaður við fermingar og aðra stórviðburði verði sameiginlegur og að foreldrar verði að koma sér saman um innan hvaða ramma slíkur kostnaður ætti að vera.

**11. Að forsjárlaust foreldri eigi rétt á munnlegum jafnt og skriflegum upplýsingum um barn sitt.**

Barnaheill styðja þessa breytingu og telja mjög gott að kveðið verði skýrt á um þetta í lögnum sjálfum.

**13. Nál breytingar á barnalögum fram að ganga þarf samhliða að tryggja að báðir foreldrar teljist framfærendur barnsins í skilningi laga um tekjuskatt og að stuðningur hins opinbera við einstæða foreldra skiptist milli foreldranna.**

Barnaheill styðja þessa breytingu.

Virðingarfyllst,

*Petrína Ásgeirsdóttir*  
Petrína Ásgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri Barnaheilla



Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2007.

## Umsögn

### Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum. Þskj. 159 – 149. mál.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um barnalög, 149. mál, sameiginlega forsjá, lögheimili barns o.fl.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur fjallaði um framangreint frumvarp á fundi sínum þann 30. nóvember 2007 og voru þá eftirfarandi athugasemdir settar fram er varða efni frumvarpsins:

#### 1. Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins. Tvöföld lögheimilisskráning:

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur vekur athygli á því að lögheimilisskráning hefur ekki einungis áhrif á rétt til bóta frá hinu opinbera. Ef barn hefur lögheimili í tveimur sveitarfélögum er fyrirséð að skera þarf úr um hvar barnið sækir leikskóla eða skóla og nýtur annarrar þjónustu sem sveitarfélögin veita. Að mati Barnaverndarnefndar Reykjavíkur þyrfti því að koma til enn frekari lagabreytinga en lagt er til í frumvarpinu, ef heimila á foreldrum að semja um tvöfalda lögheimilisskráningu.

#### 2. Athugasemdir við 5. og 6. gr. frumvarpsins. Sameiginleg forsjá:

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur telur að hallað sé á réttindi barna verði 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins að lögum þar sem það geti leitt til þess að hagsmunir barna þurfi að lúta fyrir hagsmunum foreldra ef hagsmunir beggja fara ekki saman. Er það í andstöðu við þróun barnaréttar síðastliðna áratugi, þar sem réttindi barna og vernd í lögum hefur smám saman aukist í áronna rás. Má því til stuðnings nefna 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 14. gr. laga nr. 97/1995, sem kveður á um að börnum skuli tryggð sú vernd og umönnun í lögum sem



velferð þeirra krefst, sbr. og 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem kveður á um réttindi barna og skyldur foreldra. Þróun þessi kemur einnig skýrlega fram í dómaframkvæmd síðustu ára og eru það hagsmunir barnanna fyrst og fremst sem ráða niðurstöðu í ágreiningsmálum um forsjárskipan, sbr. t.d. dómar Hæstaréttar frá 28. maí 2003 í máli nr. 2/2003 og frá 10. febrúar 2005 í máli nr. 279/2004.

Sameiginleg forsjá byggir á þeirri forsendu að foreldrar verða að eiga samvinnu um ákvarðanir er lúta að barninu og bera foreldrar ákveðnar skyldur gagnvart réttindum barnsins. Flestir foreldrar bera þá gæfu að geta unnið saman að velferð barnsins og tekið ákvarðanir í sátt og samlyndi þrátt fyrir persónulegan ágreining en því miður er það ekki í öllum tilvikum. Þegar foreldra greinir á um forsjárskipan og leita til dómstóla til að skera megi úr ágreiningi hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að foreldrar hafa ekki náð samkomulagi um sameiginlega forsjá barnsins. Þau tilvik sem starfsmenn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur hafa haft afskipti af eru eins margvísleg og þau eru mörg. Þau eiga það hins vegar flest sammerkt að mikil heift ríkir í samskiptum foreldra óháð ástæðu ágreinings um forsjárskipan og börnin líða fyrir þann ágreining. Undanfari skilnaðar er í sumum tilvikum ofbeldi, hvort sem andlegt eða líkamlegt, vímuefnaneysla og/eða vanheilsa foreldris og hefur það óhjákvæmilega mikil áhrif á getu foreldra til samvinnu um velferð barnanna. Þá eru það ekki ný sannindi að börnum hefur verið beitt sem vopni í persónulegum deilum foreldra. Þvinguð samvinna sem ákveðin er af dómstólum er ekki vænleg til aukinnar velferðar þeirra barna sem í hlut eiga að mati Barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Það er mat nefndarinnar að í slíkum tilfellum væri þörf barnsins fyrir öryggi og stöðugeika í uppeldi betur mætt með því að annað foreldri færi eitt með forsjá barnsins og tæki meiriháttar ákvarðanir í lífi þess.

### 3. Athugasemdir við 5., 6. og 8. gr. frumvarpsins. Umgengnisréttur:

Það sjónarmið er viðurkennt í samfélagi okkar að börn þarfnast stöðugleika og öryggi í uppvexti sínum þannig að þau fái að þroskast, dafna og njóta sín. Sú tillaga að dómari/sýslumaður geti ákveðið að barn skipti tíma sínum jafnt á milli tveggja heimila þykir vera í andstöðu við það sjónarmið. Bent skal á að ekki er sjálfgefið að foreldrar eigi heima í sama skólahverfi eða sveitafélagi og getur því skipt búseta barnsins haft neikvæð áhrif á félagsleg tengsl barnsins og skólaumhverfi.

### 4. Athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins. Aðgangur að upplýsingum:

Fjölmargar beiðnir berast Barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá forsjárlausum foreldrum sem óska aðgangs að gögnum er varða börn þeirra. Samþykki forsjárhafi ekki að hið forsjárlausa foreldri fái aðgang að gögnum er varðar barnið/börnin, hafa upplýsingar verið veittar munnlega með þeim hætti að hið forsjárlausa foreldri hefur verið boðið viðtal við ráðgjafa málsins og verið þannig upplýstur um hagi barnsins.



Reykjavíkurborg

Barnavernd Reykjavíkur

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur vekur athygli á því að í barnaverndarmálum eru skriflegar upplýsingar um hagi forsjárforeldris og hagi barns oft á tíðum samofnar og erfitt að greina á milli. Þykir ekki nægilega skýrt í frumvarpinu hvort átt sé við að veita eigi aðgang að fyrirliggjandi gögnum, eins og framkvæmdin er samkvæmt upplýsingalögum, eða hvort ætlast er til þess að í hvert skipti sem beiðni verður sett fram skuli útbúin skýrsla um hagi barnsins til afhendingar forsjárlausu foreldri. Telur nefndin fyrir séð að óvissa geti skapast vegna þeirrar túlkunar en því er ekki svaraði athugasemdum með frumvarpinu.

F.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

  
Anna Sigr. Örlygsdóttir, lögfr.





BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2007

Tilvísun : 2007110021

Vísað er til bréfs dags. 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til barnalaga, sameiginlega forsjá, lögheimili barns o.fl., 149. mál.

Með hliðsjón af gögnum sem fylgdu frumvarpi því sem varð að barnalögum 2003 og breytingum sem gerðar voru árið 2006 getur Barnaverndarstofa ekki mælt með því að gerðar verði jafnmiðamiklar breytingar á barnalögum og hér eru lagðar til. Barnaverndarstofa verður að leggja áherslu á að hagsmunir barna gangi hér framur öllum öðrum. Þrátt fyrir að barn eigi almennt rétt til að þekkja báða foreldra sína og almennt að hafa tengsl við báða foreldra sína þá verður að taka hér mið að hinni flóknu tilfinningalegu stöðu sem getur skapast milli fólks og gæta þess vandlega að þær lausnir sem löggjafinn mælir fyrir um auki ekki þá tilfinningalegu kreppu sem barnið er oft í. Þá verður að gera sér mun betur far um að reyna að meta áhrif lagareglna og breytinga á lögum á raunverulega stöðu og hagsmuni barns. Barnaverndarstofa verður að leggja áherslu á grunnþörf barns fyrir ástríka umönnun, stöðugleika og öryggi og hvetja til þess að metið verði frekar hvernig haga megi lagareglum um réttarstöðu og samskipti foreldra og barna þannig að þessi viðmið verði lögð til grundvallar svo og hagsmunir barnsins að öðru leyti.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1824*  
*komudagur 14.3.2008*

Til Allsherjarnefndar

Nú höfum við rædd við alla níu fulltrúa Allsherjarnefndar um breytingar á barnalögum sem byggjast á frumvarpi Daggar Pálsdóttur. Niðurstaðan er sú að allir nefndarmenn eru a.m.k. jákvæðir gagnvart því grundvallaratriði frumvarpsins að aðlaga dómskerfið að þeirri staðreynd að komin er sameiginleg forsjá. Enginn er andvígur dómaraheimild.

Nefndarmenn telja flestir að eðlilegt sé að dómara hafi þrjá valmöguleika í dómsmáli; þ.e. að er dæma móður forsjá, föður forsjá eða dæma sameiginlega forsjá. Þegar dæmt er í sameiginlega forsjá getur bæði verið dæmt í áframhaldandi sameiginlega forsjá hafi hún verið fyrir hendi eða dæmd sameiginleg forsjá í forsjármáli þar sem annað foreldrið hefur forsjána fyrir.

Rökin eru skýr, þar sem í dag liggur fyrir að þau réttindi sem sameiginlega forsjáin veitir umgengnisforeldrinu halda ekki þar sem hægt er að “segja forsjánni upp” þegar á réttindin reynir, með höfðun forsjármáls. Fæst slík mál fara fyrir dómstóla þar sem lögheimilisforeldrið fær undartekningarlítið fulla forsjá.

Allar aðrar þjóðir hafa aðlagað sitt dómskerfið að þremur valmöguleikum við forsjá barns. Niðurstaða annara þjóða er nánast einsleit varðandi jákvæð réttaráhrif breytinganna þannig að málum hefur fækkað fyrir dómstólum og sáttarvilji foreldra aukist.

Að okkar mati er nokkuð viðtækur stuðningur er við umrædda breytingu í þjóðfélaginu, enda ljóst að þau réttindi sem löggjafinn ætlaði foreldrum með sameiginlegri forsjá, halda ekki fyrr en áður nefnd breyting á sér stað.


Rökin sem hafa verið nefnd á móti breytingunni tengjast frávikamálum og þeim ótta að foreldrar sem vanrækja börnin, eiga við fíkniefnavanda að etja eða foreldrar sem beita börnin sín ofbeldi geti verið dæmd sameiginleg forsjá. Teljum við að slíkur ótti sé ástæðulaus enda treystum við íslenska dómskerfinu til dæma hæfara foreldrinu forsjána í frávikamálum, enda er enginn valmöguleiki tekinn af dómurum með þessari breytingu.

Önnur rök eru þau að ekki skuli þvinga fram samstarf. Mikilvægt er að minna á að allir dómara í forsjár- og umgengnismálum eru í eðli sínu gegn vilja annars foreldrisins og flestir kalla þeir á einshverskonar samstarf. Allar aðrar þjóðir hafa farið þessa leið – síðast danir þar sem dæma má m.a. umgengni við ömmu og afa gegn vilja lögheimilisforeldrisins. Hér er sjónarmiðið að taka hagsmuni barnsins fram yfir hagsmuni foreldranna.

Þar sem stuðningur við þetta mál virðist vera fyrir hendi í Allsherjarnefnd, skorar Félag um foreldrajafrétti á nefndina að taka málið strax fyrir og stefna á aðlögun og afgreiðslu fimmtu og sjöttu greinar frumvarpsins, á þessu þingi.

Reykjavík 13 mars 2008.

Lúðvík Börkur Jónsson  
Formaður Félags um foreldrajafrétti.



Nefndarsvið Alþingis  
ALLSHERJARNEFND  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2007

**Efni: umsögn um frumvarp til breytingu á barnalögum, 149. mál.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn félags um foreldrajafnrétti um ofangreint frumvarp.

Félag um foreldrajafnrétti fagnar þeim lagabreytingum sem lagðar eru til með frumvarpi þessu. Eru umræddar breytingar i takt við þau málefni sem félagið hefur einsett sér að vinna að, þ.e. að foreldrajafnrétti og auknum rétti barna til jafnrar umgengni við báða foreldra sína.

Félag um foreldrajafnrétti telur þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til samrýmast m.a. þeim sjónarmiðum sem koma fram í 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 18. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur fullgilt. Í umræddum ákvæðum samningsins er fjallað um rétt barns til þess að þekkja og njóta umönnunar foreldra sinna og að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska.

Mikilvægi þess að báðir foreldra taki jafnan þátt í lífi barns má sjá á margan hátt. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar sem staðfesta mikilvægi þátttöku foreldra í lífi barna sinna og hafa niðurstöður þeirra meðal annars leitt í ljós að börn foreldra sem taka ríkulegan þátt í lífi þeirra eru í minni hættu á að eiga í erfiðleikum í skóla og einnig eru þau síður líkleg til að lenda í vímuefnaneyslu. Þetta á vissulega við um öll börn óháð fjölskyldugerð en á síðustu tveimur áratugum hafa komið fram skýrar niðurstöður um að mikil samskipti við báða foreldra séu lykilþáttur í velferð skilnaðarbarna. Sænskar og franskar rannsóknir hafa sýnt að skilnaðarbörn sem eru í miklum samskiptum við báða foreldra sína eru ólíklegri en þau börn sem hafa lítil samskipti við foreldra sína til þess að eiga við félagsleg og sálræn vandamál að stríða. Sama

niðurstaða hefur fengist í íslenskum rannsóknum.<sup>1</sup> Í rannsókn sem framkvæmd var af Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og Nönnu K. Sigurðardóttur, félagsráðgjafa og stundakennara við sömu deild, um reynslu foreldra af sameiginlegri forsjá, kom í ljós að mikill meirihluti foreldra hafði góða reynslu af sameiginlegu forsjánni og það fyrirkomulag leiddi til uppbyggilegra foreldrasamstarfs og minni togstreitu á milli fjölskyldna.<sup>2</sup>

Börn sem er gert kleift að hafa ríkulegt og ástúðlegt samband við báða foreldra eftir sambúðar- eða hjúskaparslit eiga auðveldara með að aðlagast breyttum aðstæðum en þau börn sem hafa minna að segja af öðru foreldrinu eftir slíkar breytingar.<sup>3</sup> Rannsóknir hafa ennfremur sýnt fram á að börn sem njóta aðeins forsjár annars foreldris hafa ekki eins ríkulegt samband við báða foreldra sína og þau börn sem njóta sameiginlegrar forsjár.<sup>4</sup> Félag um foreldrajafnrétti vill benda á mikilvægi þess að báðir foreldrar taki jafnan þátt í lífi barnsins og telja má að slíkt sé í langflestum tilvikum það sem er barninu fyrir bestu. Þessar niðurstöður leggur félagið til grundvallar þegar afstaða er tekin til einstakra mála.

Í frumvarpinu sem nú er lagt fram er meðal annars lagt til að foreldrar geti ákveðið að barn eigi lögheimili hjá þeim báðum og að dómari/sýslumaður geti dæmt/úrskurðað umgengni allt að sjö daga af 14, þ.e. blandaða búsetu. Félag um foreldrajafnrétti vill vekja athygli á því að þegar umgengni er orðin svo ríkuleg að hún nálgist blandaða búsetu verði ákveðin skilyrði að vera til staðar til þess að slíkt fyrirkomulag geti verið barninu fyrir bestu. Æskilegt má telja að til þess að fyrirkomulagið raski sem minnst högum barnsins sé nauðsynlegt að foreldrar séu búsettir í sama sveitarfélagi, sama skólahverfi eða samliggjandi. Er þá sérstaklega verið að horfa á þau tilvik þegar barn er á grunnskólaaldri og farið að mynda félagsleg tengsl við skólafélaga og vini. Með þessu getur barnið haldið jöfnum tengslum við báða foreldra án þess að það komi niður á félagsstarfi og sambandi við skólafélaga og vini. Þetta er grundvallarsjónarmið sem tekur til margra breytingatillagna sem frumvarpið kveður á um.

Í Frakklandi hafa foreldrar möguleika á að hafa tvöfalt lögheimili barns eins og hér er lagt til. Þar þurfa foreldramir þó að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að fá slíka skráningu, eins og að búa í ásættanlegri fjarlægð frá hvort öðru, sýna fram á ásættanlegar aðstæður á báðum heimilum og að samskipti foreldra séu þannig að þeir geti unnið saman til lengri tíma með hagsmuni barnsins í huga. Með þessu geta börnin gengið inn og út af báðum heimilum og foreldramir eru jafnsettir til barnabóta, skatta, meðlaga, tryggingarstöðu og annarra bóta sem til falla. Reynslan í Frakklandi hefur sýnt að þetta fyrirkomulag hefur leitt til minni deilna milli foreldra og skapað traustari umgjörð um uppeldi barnsins.

<sup>1</sup> Margrét Lilja Guðmundsdóttir ofl. 2007. Bls. 43

<sup>2</sup> Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000): bls. 47.

<sup>3</sup> Kelly J B. 1991, bls. 55-62

<sup>4</sup> Luepnitz D. A.(1980).

Á undanförmum árum hafa hagsmunir barnsins fengið aukið vægi við ákvarðanir sem varða það. Sem dæmi um það má nefna að í dag er til dæmis ekki lengur talað um rétt foreldranna til umgengni við barnið heldur rétt barnsins til umgengni við báða foreldra sína. Þetta sjónarmið skín í gegn í barnalöggjöf langflestra þjóða nú á dögum og mun umfangsmeira mat fer fram í forsjár- og umgengnismálum á því hvernig högum barnsins sé best borgið en var fyrir nokkrum áratugum. Komi til þess að þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til verði samþykktar telur félag um foreldrajafrétti að þær muni hafa jákvæð áhrif á uppeldi barnsins, draga úr deilum foreldranna og þar af leiðandi fækka þeim forsjár- og umgengnismálum sem fara fyrir dómstóla landsins. Það eru og munu alltaf vera bestu hagsmunir barns að hafa sem ríkulegastar og jafnastar samvistir við báða foreldra sína.

Verður nú vikið að athugasemdum Félags um foreldrajafrétti um hverja grein fyrir sig.

#### Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að karlmaður sem telur sig vera föður barns, verði heimilt að höfða barnsfaðernismál.

**Félag um foreldrajafrétti styður þessa breytingu og telur að breyting sú sem lögð er til samræmist 1. gr. barnalaganna um rétt barns til þess að þekkja báða foreldra sína.**

Eins og réttilega er vikið að í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins er sú þrenging sem er til staðar í núgildandi lögum, þ.e. að karlmaður geti ekki höfðað barnsfaðernismál hafi barn verið feðrað, óeðlileg í alla staði. Er hér um greinilega kynjamismunun að ræða þar sem kona getur farið í barnsfaðernismál við karlmann algjörlega óháð stöðu hans eða heimilisaðstæðum. Það getur karlmaðurinn hins vegar ekki gert hafi konan feðrað barn sitt, þrátt fyrir að hann geti leitt að því líkur að hann sé faðir barnsins.

Félagið telur að rökstuðningur allsherjarnefndar á sínum tíma um að sú skipan sem nú er við líði komi í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir standist ekki. Tilhæfulausar málshöfðanir eru ekki kynbundnar. Ef karlmönnum er trúandi til þess að fara út í tilhæfulausar málshöfðanir vegna faðernis barns gildir slíkt hið sama um konur.

## Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að lögheimili barns sem lýtur sameiginlegri forsjá verði ekki breytt nema með samþykki beggja forsjáforeldra.

Félag um foreldrajafnrétti styður þessa breytingu og telur að með henni sé fyrst og fremst verið að fylgja eftir þeirri hugsun sem núverandi barnalög gera ráð fyrir, þ.e. að foreldrar sem hafa sameiginlega forsjá yfir barni sínu geti ekki tekið stórar ákvarðanir um hagsmuni barnsins án samráðs við hitt foreldrið. Búseta er eitt af því mikilvægasta sem ákvarða þarf fyrir barn og því þykir félaginu eðlilegt að slíkar breytingar séu háðar samþykki beggja foreldra.

Það að foreldri hafi eftirlitshlutverk með hagsmunum barns síns í tengslum við flutninga þess milli landshluta eða bæjarfélaga er aukin trygging fyrir því að réttindum og hagsmunum barns verði ekki fórnað vegna hagsmuna annarra og hugsanlega óskýldra aðila.

Félag um foreldrajafnrétti telur eðlilegt að það foreldri sem ekki hefur lögheimili barnsins hafi ákvörðunarvald í málinu á eftirfarfarandi forsendum:

1. Flutningur getur auðveldlega torveldað umgengni barns við það foreldri sem það býr ekki hjá og þar af leiðandi getur sú ráðstöfun unnið gegn hagsmunum barnsins af því að hafa reglulega og góða umgengni við báða foreldra.
2. Flutningur getur verið valdið miklu raski og umróti á lífi barnsins til dæmis vegna skólagöngu, tengsla við stórfjölskyldu og vini.

Félagið telur að það foreldri sem setur sig á móti flutningi barnsins eigi að fá möguleika, með synjun sinni á flutningi barnsins, til að bjóða að barnið flytjist til sín í stað þess að flytja með lögheimilisforeldrinu, enda haldist þau tengsl sem nefnd eru í forsendu 2 hér að ofan.

Með ofangreindur forsendur í huga telur félagið að samþykki þess foreldris sem ekki hefur lögheimili barns hafi mikið vægi og sé í raun nauðsynlegt þegar eftirfarandi aðstæður eiga við:

- a. Foreldrar búa í sama sveitarfélagi eða skólahverfi.
- b. Röskun á högum barnsins verður mikil vegna flutninganna.
- c. Það foreldri sem ekki hefur lögheimili barnsins er reiðubúið til að verða lögheimilisforeldri.
- d. Barnið sýnir vilja sinn til þess að verða eftir hjá hinu foreldrinu.

Við þessar aðstæður er næsta sjálfsagt að hagsmunir barnsins séu ríkjandi sjónarmið umfram hagsmuni lögheimilisforeldris sem vill flytja um lengri veg tímabundið eða til frambúðar.

Samþykki þess foreldris sem ekki hefur lögheimili barns ætti að hafa minna vægi eða í raun vera ónauðsynlegt þegar;

- a. Foreldrar búa langt frá hvort öðru áður en til flutninga kemur, til dæmis í sitthvoru bæjarfélaginu eða landshlutanum.
- b. Röskun á högum barnsins yrði mikil óháð því til hvors foreldris það flytti til.
- c. Umgengni barnsins við foreldrið sem ekki hefur lögheimili þess torveldast lítið vegna fjarlægðar.

Gagnrýni á þær breytingar sem nú eru lagðar til hafa verið í þá átt að verið sé að leggja áttahagafjötra á lögheimilisforeldrið. Slík gagnrýni er ekki óeðlileg. Mikilvægt er að benda á, að ekki er verið að banna fullorðnum einstaklingum að flytja heldur er verið að gefa barni þann möguleika á að flytja ekki með. Grunnhugsunin er því sú, að ef foreldri sem barnið býr ekki hjá, samþykkir ekki flutning á lögheimili barnsins þurfi það að vera reiðubúið til að taka yfir hlutverk lögheimilisforeldris, enda fælist í því minni röskun á högum barnsins. Áttahagafjötrar er því ekki orð sem er viðeigandi í þessari umræðu, heldur snýst málið um réttindi barna sem ekki búa hjá báðum foreldrum, ekki um réttindi foreldranna.

Félagið telur nauðsynlegt að útbúa viðmiðunarreglur um það hvenær þurfi samþykki og hvenær ekki þannig að ljóst megi verða eftir hvaða hagsmunum barnsins verði dæmt. Félagið telur afar mikilvægt að ágreiningi sem upp gæti komið hjá foreldrum barns um flutning þess verði hægt að skjóta til úrskurðar sýslumanns eða dómara.

Félagið telur að þessi lagabreyting verði til þess fallin að styrkja sameiginlega forsjá og þá hugsun að börn sem eiga foreldra sem ekki búa saman eigi tvö heimili og því verði ekki breytt nema með samþykki beggja. Aukið vægi beggja foreldra sem hafa sameiginlega forsjá barns er til þess fallið að auka ábyrgðartilfinningu og samvinnu foreldranna um hagsmuni barnsins. Deilur foreldra eru hvað mestar þar sem annað foreldrið hefur öll völdin en hitt engin.

### Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að það verði meginregla að langlífara foreldrið fái forsjá barns við andlát þess skammlífara, án tillits til forsjárfyrirkomulags.

Félag um foreldrajafnrétti styður þessa breytingu og telur eðlilegt að eftirlifandi blóðforeldri fái forsjá barns við andlát forsjáforeldris.

Samkvæmt núgildandi lögum fellur forsjá barns til langlífara foreldris þegar það skammlífara fellur frá ef barn lýtur sameiginlegri forsjá þeirra. Í þeim tilfellum þegar forsjáforeldri sem eitt hefur farið með forsjá barns, fellur frá og hefur verið í hjónabandi eða sambúð með öðrum einstaklingi í ákveðinn tíma, fellur forsjá barnsins til þess aðila en ekki til blóðforeldris. Slíkt fyrirkomulag telur félagið óeðlilegt nema ríkar ástæður séu til þess að forsjá barns sé í höndum annarra. Meginreglan hljóti alltaf að vera sú að blóðforeldrar barns eigi að vera þeir foreldrar sem fyrstir koma til greina varðandi forsjá þess.

Forsjárskipan ein og sér segir ekkert til um tengsl blóðforeldris við barnið né um uppeldishæfi þess. Þrátt fyrir að forsjá barns sé í höndum annars foreldris getur hitt foreldrið verið með mikla umgengni og verið í góðum tengslum við barnið. Tengsl barns við eftirlifandi foreldri sitt verður að vega þyngra en heimilisfang þess foreldris sem féll frá.

Sú regla sem nú er við líði hefur verið réttlætt með því að með henni sé verið að koma í veg fyrir frekara umrót og breytingar í lífi barns við andlát forsjáforeldris með því að láta barnið vera áfram kyrrt á heimili sínu. Samkvæmt þeim breytingum sem lagðar eru til mun fósturforeldri geta óskað eftir forsjá barnsins, þar sem eftir andlát forsjáforeldris er hægt með samningi eða dómi að fela öðrum forsjá barns en þeim sem sjálfkrafa fær forsjá þess, sé slíkt talið barninu fyrir bestu.

Áfram er gert ráð fyrir því að forsjáforeldri geti gengið frá yfirlýsingu þar sem óskað er eftir því að þriðji aðili fái forsjá barnsins að forsjáforeldri látnu. Félagið telur slíka yfirlýsingu ekki eiga að ganga framam því að forsjá fari sjálfkrafa til eftirlifandi blóðforeldris. Því mælir félagið með því að eftirlifandi blóðforeldri verði alltaf tekið fram yfir slíka yfirlýsingu nema það sé beinlínis andstætt hagsmunum barnsins. Slíkt er eðlilegt sem meginregla.



#### Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að foreldrar geti ákveðið að barn eigi lögheimili hjá þeim báðum.

Félag um foreldrajafnrétti styður þessa breytingu og telur að hún stuðli að sameiginlegri ábyrgð foreldra á uppeldi og þroska barns eftir sambúðar- eða hjúskaparslit ásamt því að gera tvö heimili barnsins, hjá föður og móður, jafnréttá.

Félag um foreldrajafnrétti mælist til þess að vilji foreldrar geta haft lögheimili barns á tveimur stöðum, (gerir tillögu um að kalla slíkt fyrirkomulag blandaða búsetu) þurfi að uppfylla það skilyrði að foreldrarnir séu búsettir í sama sveitarfélagi, sama eða samliggjandi skólahverfi, enda séu uppfyllt þau viðmið að högum barnsins verði raskað sem minnst með tilliti til skólagöngu og vinnuþópa. Æskilegast má telja að foreldrar búin í sama skólahverfi, en það þykir um leið þrengja um of frelsi þeirra til búsetu og því gerð tillaga um að sama sveitarfélag eða samliggjandi skólahverfi, ráði för.

Félagið telur að verði þessi breyting samþykkt verði búin til leið fyrir foreldra til að framkvæma hluti sem nú þegar eru við líði. Dæmi eru um það héraðs að foreldrar skiptist á, til dæmis ár í senn, að hafa lögheimili barns.

Á milli árána 2001-2002 voru 18% af þeim sem höfðu sameiginlega forsjá yfir börnum sínum í Svíþjóð með blandaða búsetu (væxervis boende)<sup>5</sup> og í ljósi þróunar sameiginlegrar forsjár í Svíþjóð má leiða að því líkur að þessi tala hafi hækkað umtalsvert. Engar forsendur liggja fyrir til þess að álykta að annað verði reyndin héraðs verði þessi lagabreyting samþykkt.

Nauðsynlegt er að hagsmunir barnsins ráði för og þeir verði settir ofar hagsmunum foreldra. Af þeim sökum leggur félagið til að í þeim tilvikum þegar foreldrar hafa haft samstarf um blandaða búsetu hjá barni og annað foreldrið hyggst flytja búferlum, innanlands eða til útlanda, þá muni það foreldri sem hyggur á flutning afsala sér lögheimilisskráningu barnsins en áfram hafa sameiginlega forsjá, samanber umræðu um grein 2.

---

<sup>5</sup> Váðnadskommitté (2005), bls. 158.

## Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að:


- a. dómari fái heimild til þess að dæma sameiginlega forsjá
- b. dómari geti ákveðið að barn skuli dveljast allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki fær forsjá þess.
- c. forsjárlaust foreldri, sem áður var með sameiginlega forsjá yfir barni, geti höfðað mál og krafist þess að forsjá yfir barninu verði framvegis sameiginleg og að lögheimili barnsins flytji til sín.

Verður nú vikið að hverjum staflíð fyrir sig.

- a. Félag um foreldrajafnrétti styður þessa breytingu og telur að hér sé um að ræða réttindamál barns en ekki foreldranna.

Með þeirri lagabreytingu sem gerð var á íslensku barnalögunum með lögum nr. 96/2006 varð sameiginleg forsjá gerð að meginreglu, nema annað væri ákveðið. Með þeirri lagabreytingu fetaði Ísland í fótspor annarra Evrópulanda. Sameiginleg forsjá er það forsjárfyrirkomulag sem langflestir foreldrar kjósa eftir sambúðar- eða hjúskaparslit hér á Íslandi, sem og hjá nágrannahjóðum okkar. Má sjá það meðal annars af töflu 1 hér á eftir, en hún sýnir tíðni lögskilnaða og val á forsjárfyrirkomulagi.

### Forsjá barna eftir lögskilnað 2000-2006



Tafla 1. Hagstofa Íslands

Af töflu 1 má sjá að marka má sjá þróun í þá átt að foreldrar kjósa í auknu mæli að hafa sameiginlega forsjá barna sinna eftir skilnað. Sömu þróun má greina þegar um sambúðarslit er að ræða.

Félagið telur að fái dómara ekki heimild til þess að dæma áframhaldandi sameiginlega forsjá, ef upp kemur deila á milli foreldra, muni ákvæðið um sameiginlega forsjá ekki veita börnum þann rétt sem þeim er ætlaður. Sameiginlegri forsjá er ætlað að veita því foreldri réttindi sem barnið býr ekki hjá, á þeim forsendum að slíkt sé barninu til hagsbóta. Þau réttindi eru lítils virði ef hægt er að rifta sameiginlegu forsjánni þegar á þau sömu réttindi reynir með því að lögheimilisforeldrið fari í forsjármál og fái eitt forsjána. Forsendur fyrir því að foreldri höfðar forsjármál má oft á tíðum rekja til deilna um dægurmál, eitthvað sem skiptir ekki miklu máli til framtíðar miðað við hagsmuni barnsins af því að fá að njóta beggja foreldra sinna. Eins og réttilega er vikið að í athugasemdum með 6. gr. þá er útkoma forsjármáls afar fyrirsjáanleg undir þessum kringumstæðum. Nánast undantekningalaust er lögheimilisforeldri dæmd forsjá barnsins. Þar með verður lagaleg stoð sameiginlegu forsjárinnar innihaldslaus og fælingarmáttur dómskerfisins enginn.

Ef dómara fá ekki heimild til að dæma áframhaldandi sameiginlega forsjá liggur í augum uppi að réttindi annars foreldrisins eru sýndarmennska sem eru veitt í skjóli hins. Það svipar til sammings um brunatryggingu þar sem tryggingarfélagið getur rift tryggingunni án bótaskyldu ef húsið brennur. Húseigandinn er tryggður meðan ekki reynir á réttindin en slíkt er sýndarmennska og tryggingarfélagið hefur engan áhuga á sátt ef húsið brennur.

Ef dómara fá ekki heimild til að dæma sameiginlega forsjá á Íslandi mun það rýra réttindi barna til beggja foreldra sinna og vekur það upp spurningar um hvort gæta eigi hagsmuna foreldra eða barna í forsjármálum. Félag um foreldrajafrétti hefur tekið skýra afstöðu með barninu í þeirri umræðu.

Sáttameðferð hefur verið nefnd sem valmöguleiki sem komið geti í stað heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá. Slíkt telur Félag um foreldrajafrétti misskilning og telur að öllum megi vera ljóst að dómaraheimildin er forsenda sáttameðferðar og framgangs lýðræðis og réttvísi. Sáttameðferð hefur engan tilgang ef annar aðilinn er með unnið mál, en mikinn tilgang þegar báðir aðilar eru óruggir um niðurstöðu dómsmáls. Af þeirri ástæðu hafa aðrar þjóðir komist að þeirri niðurstöðu að heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá er nauðsynleg til að hún veiti barninu þau réttindi sem því er ætlað. Annað og ekki síður mikilvægt atriði er að slík heimild eykur sammingsvilja beggja aðila og minnkar þar með deilur. Það er óvissan um niðurstöður í dómssal sem er undirliggjandi drifkraftur sáttu.

Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá er m.a. til staðar í Finnlandi, Frakklandi, Svíþjóð, Noregi og nú síðast samþykktu Danir slíka lagabreytingu sem tók gildi 1. október 2007.<sup>6</sup>

Í Svíþjóð fengu dómara heimild til að dæma sameiginlega forsjá árið 1998. Í byrjun var sjaldan dæmd sameiginleg forsjá í forsjárdeilum þar sem annað foreldrið lagðist eindregið gegn því að hafa forsjána sameiginlega og bar fyrir sig deilum við hitt foreldrið. Réttarfarspróunin í Svíþjóð hefur hinsvegar verið á þá leið að dómstólar hafa stöðugt aukið mikilvægi þess að báðir foreldrar hafi aðkomu að uppeldi barnsins, á kostnað annarra sjónarmiða. Þátttaka beggja foreldra í forsjánni hefur

<sup>6</sup> Forældreansvarslov. Lov nr 449 af 06/06/2007

Því stöðugt fengið aukið vægi, þrátt fyrir þau vandamál sem slík þátttaka getur að sjálfsögðu einnig skapað. Þannig má segja að hagsmunir barnsins teljist mikilvægari en óþægindi eða stolt foreldranna.

Í um helmingi tilfella er sameiginleg forsjá dæmd þrátt fyrir andstöðu annars foreldrisins.<sup>7</sup> Þannig hefur réttarþróunin verið í þá átt að dæma stöðugt oftari sameiginlega forsjá, við vaxandi deilustig foreldranna ef svo má að orði komast. Í umsögn um dönsku lagabreytinguna segir að í Svíþjóð hafi reynslan sýnt að deilur milli foreldra í forsjármálum snúist oft um dægurmál en þegar foreldarnir eru orðnir jafn settir þá skapast sáttavilji er frá liður. Hagsmunir barna til margra ókominna ára gera það að verkum að dægurvandamálín verða hjóm eitt þegar sömu foreldrar lita síðar til baka. Þar segir einnig að sænskir dómara líti stöðugt meira til þess hvers eðlis deilurnar eru milli foreldra frekar en um hörku þeirra.

Þannig dæma Svíar nú um helming allra forsjármála á þann veg forsjáin verður sameiginleg þó svo að annað foreldrið sé því mótfallið, en í hinum helmingnum fær annað foreldrið forsjána. Á síðastliðnum árum hafa dómara í Svíþjóð farið að dæma sameiginlega forsjá í þeim deilum sem eru alharðastar. Er það gert á þeirri forsendu að deilurnar séu svo harðar að engin líkindi séu til þess að samstarf geti orðið og að það foreldri sem fái forsjána muni útiloka hitt frá uppeldi barnsins og gera það að verkum að barnið njóti engra samvista við það. Þá er það metið sem svo að réttindi barns til aðgangs og umhyggju beggja foreldra séu mikilvægari en deilurnar milli foreldranna. Þannig má segja að Svíar dæmi orðið sameiginlega forsjá, gegn vilja annars foreldrisins þegar deilurnar eru metnar sem skammtímadeilur og svo líka þegar þær eru það illskeyttar að hætta verði á varanlegum tálmunum.

Að lokum má nefna að forsjármálum í Svíþjóð fyrir undirrétti hefur fækkað. Strax árið eftir að dómara fengu heimild til að dæma sameiginlega forsjá árið 1999 fækkaði málum. Frá árinu 1999 til ársins 2002 fækkaði málum síðan um rúmlega 20%.

Félag um foreldrajafrétti telur því að sænsk réttarfarsþróun styðji við þau grundvallarsjónarmið félagsins um stöðugt aukið mikilvægi þess að báðir foreldrar hafi sem ríkulegasta aðkomu að uppeldi barns á kostnað annarra sjónarmiða. Því beri dómurum að hafa heimild til að dæma sameiginlega forsjá þó einhverjar deilur séu uppi, enda tryggi það ríkulegri aðkomu beggja foreldra, auki sættir og fækki málum fyrir dómstólum.

- b. Félag um foreldrajafrétti styður þessa breytingu og vísar til umsagnar um 8. gr. nema þar sem sýslumaður komi í staðinn dómara.**

---

<sup>7</sup> Udvalget om Forældremyndighed og Samvær (2006), bls 126

- c. **Félag um foreldrajafnrétti styður breytinguna en telur hana vera þrengda of mikið og leggur félagið til að ákvæðið verði ekki einskorðað við þá sem hafa áður haft sameiginlega forsjá heldur eigi allir sem ekki hafa forsjá barns síns að geta óskað eftir því að sameiginleg forsjá barnsins verði tekin upp.**

Eins og löggin eru í dag hafa þeir sem hafa misst forsjá barna sinna fá úrræði til þess að reyna að fá forsjá barnsins aftur í sínar hendur. Eins og minnst var á hér að framan er niðurstaða forsjármáls afar fyrirsjáanleg, sér í lagi þegar foreldri sem einu sinni hefur misst forsjá yfir barni óskar eftir því að fá hana aftur. Það þykir of mikil röskun fyrir barnið að breyta högum þess og þar af leiðandi er forsjá nánast undantekningalaust dæmd því foreldri sem barnið býr hjá. Þetta getur gert það að verkum að tímabundið ósamkomulag milli foreldra við sambúðar- eða hjúskaparslit eða feilsþor foreldris getur svipt barn þeim grundvallarrétti að báðir foreldrar þess hafi áhrif á líf þess allt til 18 ára aldurs, þrátt fyrir að slíkur ágreiningur eða feilsþor hafi eingöngu varað í skamman tíma á fyrstu árum barnsins.

Félag um foreldrajafnrétti leggur til að greinin verði orðuð með eftirfarandi hætti:

Forsjárlaus foreldri getur höfðað mál og krafist þess að forsjáin yfir barninu verði framvegis sameiginleg og að lögheimili barnsins flytjist til sin. Dómari ákveður hvort fallist verður á kröfum, aðra eða báðar, eftir því sem barni er fyrir bestu.

#### Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að í málum þar sem krafist er slita á sameiginlegri forsjá geti dómari ekki slitið sameiginlegri forsjá til bráðabirgða nema hagsmunir barnsins krefjist þess. Jafnframt er lagt til að dómari geti úrskurðað til bráðabirgða um lögheimili barns, umgengni allt að sjö daga af 14 og meðlag.

#### Félag um foreldrajafnrétti styður breytinguna.

Hér er um að ræða sömu efnislegu réttindi og í 5. gr. frumvarpsins, nema hér er úrskurðað til bráðabirgða meðan mál eru rekin fyrir dómi. Félagið visar til sömu raka og koma fram í umsögninni um 5. gr. um almennt mikilvægi sameiginlegrar forsjár og að minni hagsmunir skuli víkja fyrir meiri. Slíkur bráðabirgðaúrskurður má í engum tilvikum hafa þau áhrif að réttur skapist hjá öðru foreldrinu, réttur sem síðan hafi bein áhrif á lokaniðurstöðu málsins fyrir dómi.

#### Um 7. gr.

**Í greininni er lagt til að kostnaður við umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema annað sé ákveðið með samningi.**

**Félag um foreldrajafnrétti styður breytinguna og telur hana styrkja það sjónarmið að það séu mikilvægir hagsmunir barnsins að hafa ríkulegt samband við báða foreldra sína.**

Eins og vikið hefur verið að áður, er það talið barni fyrir bestu að vera í sem ríkulegustu sambandi við báða foreldra sína. Á þeim grundvelli er erfitt að réttlæta það viðhorf að kostnaður við að rækja það samband skuli ekki vera eins og annar kostnaður sem varðar barnið sjálft og skiptast jafnt milli foreldra.

Þar sem kostnaður við umgengni er misjafn er ekki hægt að nálgast hann innan visitölu um framfærslukostnað barna. Þannig er ástatt um nokkra óreglulega liði þar sem reiknað er með jafnri þátttöku foreldranna, svo sem tannrétingar, fermingar og fleira. Að mati félagsins er afar óeðlilegt að kostnaður sem fellur til við ferðir barns til þess foreldris sem það býr ekki hjá, deilist ekki jafnt eins og annar kostnaður. Hagsmunir barnsins af því að eiga ríkuleg samskipti við það foreldri sem það býr ekki hjá eru óumdeilanlegir, rétt eins og tannrétingar, og því er ekki hægt að réttlæta það að annað foreldrið beri eitt kostnað vegna ferða barnsins.

Það sem gerir óréttlætið enn skýrara er sú staðreynd að oft á tíðum er hækkun eða lækkun ferðakostnaðar ekki á valdi þess foreldris sem barnið nýtur umgengni við. Þannig geta aðstæður lögheimilisforeldrisins, til dæmis vegna atvinnu eða náms síns eða maka, gert það að verkum að umgengnisforeldrið verður fyrir mikilli kostnaðaraukningu ef halda á sömu tengslum við barnið og fyrir flutninga. Má þar til dæmis nefna flutning lögheimilisforeldris frá Reykjavík til Austurlands. Í þeim tilvikum þarf umgengnisforeldrið að greiða fyrir að minnsta kosti tvær flugferðir fram og til baka á mánuði og ef til vill einnig að greiða fyrir fylgd með barni sem er of ungt til þess að ferðast eitt. Leiðir þessi flutningur, sem umgengnisforeldrið hefur ekkert um að segja, til umtalsverðrar skerðingar á ráðstöfunartekjum þess og getur jafnvel gert það að verkum að umgengni barnsins við umgengnisforeldrið torveldast þar sem fjárhagur þess leyfir ekki jafn ríkan umgengnisrétt og barnið hefur haft. Félag um foreldrajafnrétti telur að hér, eins og annarstaðar, eigi hagsmunir barnsins að hafa forgang. Í alla staði er óeðlilegt að barn þurfi að líða fyrir að fjárhagur umgengnisforeldris leyfi ekki eins mikla umgengni og mögulegt er.

Má lesa út úr gildandi ákvæðum um ferðakostnað að núverandi fyrirkomulag sé gert af tillitssemi við lögheimilisforeldrið en ekki barnið, eins og vera ber.

#### **Um 8. gr.**

**Í greininni er lagt til að þegar foreldra greini á um umgengni geti sýslumaður úrskurðað, að kröfu foreldris, um inntak umgengnisréttar og getur m.a. úrskurðað að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem það telst ekki búa hjá. Jafnframt er lagt til að sýslumaður geti úrskurðað um það hvernig kostnaður foreldra vegna umgengni skuli skiptast.**

#### **Félag um foreldrajafnrétti styður breytinguna.**

Félag um foreldrajafnrétti telur að í kjölfar breytinga á umgengnismálum og bættra samgangna eigi að veita sýslumönnum víðtæka heimild til að úrskurða um þá umgengni sem þeir telja barninu fyrir bestu. Félagið vísar til umfjöllunar í inngangi um mikilvægi nálægðar heimila foreldra þegar eins ríkuleg umgengni er úrskurðuð og hér um ræðir. Jafnframt er vísað til umsagnar um 7. gr. hvað varðar kostnað foreldra vegna umgengni.

#### **Um 9. gr.**

**Í greininni er lagt til að báðir foreldra eigi rétt á munnlegum sem og skriflegum upplýsingum um barn sitt.**

#### **Félag um foreldrajafnrétti styður breytingarnar.**

Eins og vikið er að í athugasemdum með 9. gr. er ekki að finna í nógildandi lögum ákvæði sem segir á hvaða formi upplýsingar sem forsjárlausir foreldra eiga rétt til, þurfi að vera á. Hefur skapast sú hefð að forsjárlaust foreldri á ekki rétt á skriflegum upplýsingum um barn sitt þar sem slík ummæli er að finna í greinagerð með eldri barnalögum.

Félag um foreldrajafnrétti telur óeðlilegt að takmarka aðgang forsjárlausra foreldra við munnlegar upplýsingar, það hljóti að vera barninu fyrir bestu að báðir foreldrar þess hafi jafnan aðgang að gögnum er varðar hagi barnsins. Að mati Félags um foreldrajafnrétti er ekki hægt að leiða nein rök að því að einskorða eigi ákvæðið við munnlegar upplýsingar.

#### **Um 10. gr.**

**Greinin þarfnast ekki skýringa.**

#### **Um 11. gr.**

**Í greininni er vikið að þeim lagabreytingum sem gera þarf til þess að lögín geti tekið gildi.**

**Félag um foreldrajafnrétti hefur engar athugasemdir um þessar lagabreytingar sem gera þarf.**

## **Lokaorð**

Félag um foreldrajafnrétti telur að þær lagabreytingar sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi séu fullkomlega tímabærar – þótt fyrir hefði verið og til þess gerðar að styrkja rétt barns til beggja foreldra eftir sambúðar- eða hjúskaparslit. Eins og rannsóknir hafa sýnt fram á hafa breytingar í kjölfar sambúðar- og hjúskaparslita minni áhrif á börn sem hafa ríkulega umgengni við báða foreldrar sína eftir slíkar breytingar. Allar þær breytingar sem frumvarpið kveður á um eru þekktar erlendis frá, og má þar helst nefna nágrannþjóði okkar Danmörk, Svíþjóð, Noreg, Finnland og einnig Frakkland. Jafnvel þekktar í áratugi.

Félag um foreldrajafnrétti gerir tillögu til Allsherjarnefndar um að bætt verði við barnalögin og frumvarp Daggar Pálsdóttur. Þskj. 149. ákvæði um tilefnislausar umgengnistálmanir:

Tilefnislausar umgengnistálmanir eru ofbeldi og skýrt lögbrot – fyrir þær ber að refska. Refsing verður metin af rannsóknargögnum; og gerð rík krafa til þess foreldris sem tálmar að haldgóðar skýringar liggi að baki slíkum tálmunum. Ennfremur er gerð sú krafa til þess foreldris sem heldur uppi tálmunum, að sönnunarbyrði verði á þess höndum, sönnun fyrir því að tálmanir á umgengni hafi verið nauðsynlegar hagsmunum barns.

Takist foreldri ekki með haldgóðum rökum að færa sönnun á nauðsyn umgengnistálmana liggur í hlutarins eðli að umræddar tálmanir hafi verið tilefnislausar. Lagt er til að dómari geti dæmt foreldri fyrir tilefnislausar tálmanir. Heimilaður refsiramma taki mið af því sem gerist í nágrannalöndum og þeim löndum sem lengst eru komin í málaflokknum. Í Frakklandi er t.d. refsiramma fyrir tilefnislausar tálmanir allt að 12 mánuðir í fangelsi.

Mikilvægt er að lögbrot sæti refsingum í þessum málaflokki sem og öllum öðrum.

**Fyrir hönd félags um foreldrajafnrétti:**

LBJ, SG, RG, RGM, ÞG, ÁIJ, HH, HRI, SS, BG



## Heimildaskrá

Hagstofa Íslands hagtölur tíðni lögskilnaðar. Aðgengilegt á

<http://hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06205%26ti=L%F6gskilna%F0ir+og+forsj%E1+barna+%FAr+hj%F3nabandi+1961%2D2006++%26path=../Database/mannfoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=fjöldi>

Kelly J B. (1991) *Examining Resistance To Joint Custody*. In, J. Folberg (Editor), *Joint Custody and Shared Parenting*. The Guildford Press (2nd edition), New York

Luepnitz D. A.(1980). *Maternal, Paternal, and Joint Custody: A Study of Families After Divorce*. Doctoral dissertation, State University of New York At Buffalo. UMI order number, 80-27618

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2007) *Ungt fólk 2007 Grunnskólanemar, niðurstöður rannsóknar meðal nemanda í 5., 6. og 7. bekk árið 2007*. Rannsókn & greining ehf. Reykjavík.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000). *Áfram foreldrar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Udvalget om Forældremyndighed og Samvær (2006). *Barnets Perspektiv*. Nordisk Bog Center A/S, Danmark. Aðgengilegt á <http://www.familiestyrelsen.dk/fileadmin/Filer/Lovstof/Betaenkninger/Barnetsperspektiv/bet1475.pdf>

Vårdnadskommitté (2005). *Vårdnad – Boende – Umgänge, Barnets bästa, föräldrars ansvar*. Stokkhólmur. Aðgengilegt á <http://www.sweden.gov.se/sb/d/5073/a/45564;jsessionid=ao7ML749AdKc>

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/845**  
**komudagur 6.12.2007**

**Kærunefnd barnaverndarmála**

Allsherjarnefnd Alþingis, nefndasvið Alþingis  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
sími 545 8100, bréfsími 552 4804  
[www.felagsmalaraduneyti.is](http://www.felagsmalaraduneyti.is)

Reykjavík 5. desember 2007  
Tilv.: KB07110002/

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis til kærunefndar barnaverndarmála, dags. 13. nóvember sl., var óskað umsagnar kærunefndar um hjálagt frumvarp til laga um barnalög.

Kærunefnd barnaverndarmála starfar á grundvelli barnaverndarlaga, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og koma barnalög ekki til skoðunar hjá kærunefndinni.

F.h. kærunefndar barnaverndarmála

  
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 135/948  
komudagur 14.12.2007



Alþingi Íslendinga  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804  
netfang: postur@fel.stjr.is  
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 11. desember 2007  
Tilv.: FEL07110067/0005

Vísað er til erindis Alþingis, dags. 13. nóvember 2007, þar sem félagsmálaráðuneyti var sent til umsagnar frumvarp til laga um barnalög, 149. mál, sameiginleg forsjá, lögheimili barns o. fl.

Af því tilefni skal tekið fram að félagsmálaráðherra mun hafa tækifæri til þess að taka afstöðu til frumvarpsins í umræðum um málið á Alþingi. Með vísan til þess mun félagsmálaráðuneytið ekki veita efnislega umsögn um frumvarpið.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Arnjótsdóttir

  
Þorgerður Benediktsdóttir

Athugasemdir vegna frumvarps til laga  
um breytingu á barnalögum, nr 76/2003. Flm. Dögg Pálsdóttir

Frá Nönnu K. Sigurðardóttur og Sigrúnu Júlíusdóttur  
Desember 2007.

Við lýsum yfir ánægju okkar með frumvarpið og höfum aðeins lítils háttar  
athugasemdir við einstakar greinar. Við setjum þær inn hér á eftir undirstrikað til  
aðgreiningar í tengslum við hverja grein.

Það er þó tvö atriði sem við viljum koma sérstaklega á framfæri:

Það fyrra varðar það að tryggja rétt skilnaðarbarns til áframhaldandi umgengni við  
ömmur og afa beggja vegna. Við leggjum til að bætt verði inn grein sem kveður á um  
þennan rétt barnsins.

Sé þess óskað er okkur ljúft að færa frekari rök fyrir gildi þessa.

Í annan stað teljum við afar æskilegt að um leið og svo mikilvægar umbætur eru  
gerðar á löggjöf um skilnað og skipanforsjámála verði bætt inn ákvæðum um rétt  
og skyldu

a) allra skilnaðarforeldra til að fá almenna fræðslu

b) þeirra foreldra sem eiga í vanda eða beinlínis greinir á um skipan forsjár og  
umgengni til þess að fá sérstakar upplýsingar, stuðning og leiðbeiningar ásamt  
eftirfylgd með endurmat í huga. Þegar barn eldist og þegar aðstæður foreldra breytast  
þarf jafnan að endurskoða fyrirkomulag sem áður var gilt.

Sé þess óskað er okkur ljúft að færa frekari rök fyrir gildi þessa.

Virðingarfyllst,

Nanna K. Sigurðardóttir, MSW, félagsráðgjafi

Dr Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi og prófessor við Háskóla Íslands

## Frumvarp til laga

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

Flm.: Dögg Pálsdóttir.

1. gr.

Orðin „enda hafi barnið ekki verið feðrað“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

Gott mál og byggir undir rétt barna til þess að vera rétt feðruð

2. gr.

Við 28. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er foreldrinu sem barnið á lögheimili hjá þá óheimilt að flytja lögheimili barnsins án samþykkis hins.

Sérstaklega þegar flutningur á lögheimili felur í sér röskun í lífi barnsins t.d. skólagöngu eða að umgengni er torvelduð með einhverjum hætti t.d. sökum vegalengda eða aukins kostnaðar. Hér þyrfti að hafa einhver orð um foreldrasamvinnu við að tryggja barni umgengni við hitt foreldrið

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. kemur ein ný málsgrein sem orðast svo:

Við andlát forsjáforeldris fer forsjá barnsins yfir til hins foreldrisins, hvort sem foreldrar fara saman með forsjá barns eða ekki, sbr. þó 4. mgr.

Mjög tímabært og styðjum heilshugar. Þetta getur falið í sér mikið öryggi fyrir barnið og virkað hvetjandi á umgengnisforeldrið að rækja skyldur sínar við barnið. Ekki aðeins fyrst á eftir skilnað eins og mörg dæmi eru um heldur einnig í samfellu þegar til lengri tíma er litið.

b. Í stað „1.–3. mgr.“ í 4. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: 1. mgr.

c. Í stað „6. mgr.“ í 7. mgr., sem verður 5. mgr., kemur: 4. mgr.

4. gr.

Við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. másl. 1. mgr. geta foreldrar ákveðið að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum.

Hér þarf skýrari útfærsluatriði m.a. hva varðar meðlagsgreiðslur og rétt barna á heilsugæslu, leikskóla, skóla á báðum stöðum, eða reglur um greiðslufærslur /skiptingu milli sveitafélaga

Frakkar teljast hafa lögfest þetta og jafnvel Englendingar og mætti fylgja í þau fótspor varðandi útfræsluna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Fari foreldrar sameiginlega með forsjána við upphaf dómsmáls sker dómari úr um það hvort sameiginlega forsjáin skuli halda áfram eða hvort annað foreldranna skuli framvegis fara eitt með forsjána. Sameiginlegri forsjá má þó ekki slíta nema til þess séu ríkar ástæður og að slík tilhögun sé barninu fyrir bestu. Telji dómari ekki ástæðu til að slíta sameiginlegri forsjá skal hann þó engu að síður ákveða hjá hvoru foreldri barnið skal eiga lögheimili.

Þetta er mjög tímabært og að fylgja hugmyndafræðinni/fyrirkomulaginu í Danmörku og Svíþjóð. Annað sem huga þarf að er hvaða leið er að sameiginlegri forsjá fyrir það fólk sem t.d. á síðustu árum fyrir gildistöku lagaákvæðisins 2006 hafði valið fyrirkomulag þar sem annað foreldrið fer með forsjá. Er það eingöngu dómstólaleiðin eða er hægt að forma einfaldari umsóknarleið til að breyta? Ekki er ljóst hvort eitthvað er um þetta í lögnum frá 2006. Úr meðferðarvinnu er þekkt að fólk velji þessa leið út frá sjálfu sér eða til að ná betri stöðu í skilnaðarmálinu. Þær forsendur breytast hins vegar oft þegar frá líður og fólk hefur unnið betur úr hlutunum, náð að aðgreina sína hagsmuni og barnsins. Það þyrfti því að vera einhver einföld leið fyrir fólk sem þannig er ástatt um og hefur ekki áhuga á að þurfa að fara fyrir dómstóla með sín mál. Benda má á í þessu efni að í sambandi við nýju foreldraábyrgðarlögin í Danmörku er talað um enduropnun á forsjárskipaninni.

b. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Dómari getur ákveðið að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili þess.

c. Við bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:

Forsjárlaus foreldri, sem áður var með sameiginlega forsjá yfir barni, getur höfðað mál og krafist þess að forsjáin yfir barninu verði framvegis sameiginleg og að lögheimili barnsins flytjist til sín. Dómari ákveður hvort fallist verður á kröfurnar, aðra eða báðar, eftir því sem barni er fyrir bestu.

Þegar “dómari ákveður að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili þess” er mikilvægt að félagsráðgjafi eða annar sérfræðingur í fjölskyldumálefnum hafi metið forsendur barnsins og aðstæður foreldra til að að slíkt fyrirkomulag þjóni hagsmunum barnsins.

6. gr.

1. og 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Í máli þar sem krafist er slíta á sameiginlegri forsjá getur dómari ekki slitið sameiginlegri forsjá til bráðabirgða nema skýrir hagsmunir barnsins krefjast þess. Dómari getur á hinn bóginn úrskurðað til bráðabirgða, að kröfu aðila, um lögheimili barns, umgengni og meðlag. Í slíku máli getur dómari enn fremur ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili barnsins til bráðabirgða, enda þyki slíkt fyrirkomlag samræmast hagsmunum barns.

Í máli þar sem foreldri sem ekki fer með forsjá barns krefst sameiginlegrar forsjár eða að það fari framvegis eitt með forsjána verður stefnanda ekki úrskurðuð forsjá barnsins og lögheimili til bráðabirgða nema fyrir liggja að forsjárhæfni forsjáforeldrisins sé skert. Dómari getur á hinn bóginn, í slíku máli, ákveðið að meðan forsjármálið er rekið skuli barn búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá forsjárlausa foreldrinu.

Fer vel á þessu , en allt sem leiðir til þess að jafna stöðu foreldra er til bóta. Enn, þegar dómari ákveður til bráðabirgða að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá forsjárlausu foreldrinu meðan málið er rekið, er mikilvægt að félagsráðgjafi eða annar sérfræðingur í fjölskyldumálefnum hafi metið forsendur barnsins og aðstæður foreldra til að að slíkt fyrirkomulag þjóni hagsmunum barnsins.

7. gr.

2. másl. 2. mgr. 46. gr. laganna orðast svo: Að jafnaði skal við það miðað að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema annað sé ákveðið með samningi, sbr. 3. mgr., eða úrskurði, sbr. 2. mgr. 47. gr.

8. gr.

Í stað 1. másl. 2. mgr. 47. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Ef foreldra greinir á um umgengni úrskurðar sýslumaður, að kröfu foreldris, um inntak umgengnisréttar og getur m.a. úrskurðað að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem það telst ekki búa hjá, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns. Sýslumaður úrskurðar einnig um það hvernig kostnaður foreldra vegna umgengni skuli skiptast, en að jafnaði skal við það miðað að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra.

Hér er mikið réttindamál á ferðinni og ber að fagna. Hins vegar þarf fagþekking og sérhæft mat (félagsráðgjafa eða annars fagmanns) að koma til skjalanna við mat á besta umgengnisfyrirkomulagi hverju sinni. Það er háð ytri og innri (fjölskyldu)aðstæðum, aldri og þroska barnsins

9. gr.

Á eftir orðinu „fá“ í 1. másl. 2. mgr. 52. gr. laganna kemur: munnlegar og skriflegar.

Samþykkt. Þetta á náttúrulega að vera alveg á hreinu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:* 3. másl. 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna orðast svo: Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi nema hann fari sameiginlega með forsjá barns og foreldrarnir hafi samið svo um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, sbr. 5. mgr. 31. gr. barnalaga og 2. mgr. 8. gr. laga um lögheimili.

2. *Lög um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum:* Á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta foreldrar með sameiginlega forsjá barns, sem ekki búa lengur saman, ákveðið að lögheimili barnsins verði hjá þeim báðum.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á gildandi barnalögum, nr. 76/2003:

- a. Að karlmaður sem telur sig föður barns geti höfðað barnsfaðernismál þótt barnið sé feðrað.
- b. Að foreldrar með sameiginlega forsjá verði að ákveða sameiginlega um flutning lögheimilis barnsins innan lands.
- c. Að meginreglan verði sú að forsjá barns færist til langlífari kynforeldrisins án tillits til þess hvort foreldrar hafa farið saman með forsjána eða ekki. Foreldri getur þó áfram gert yfirlýsingu um aðra ráðstöfun.
- d. Að foreldrar geti samið svo að lögheimili barns verði hjá þeim báðum.
- e. Að hægt verði framvegis að dæma áfram sameiginlega forsjá.
- f. Að dómari getið ákveðið svo rúma umgengni að barn dvelji allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldri sem það á ekki lögheimili hjá.
- g. Að í bráðabirgðaforsjámáli verði óheimilt að slíta sameiginlegri forsjá nema skýrir hagsmunir barnsins krefjist þess.
- h. Að í bráðabirgðaforsjámáli verði óheimilt að færa forsjá frá öðru foreldri til hins nema fyrir liggi að forsjárhæfni forsjáforeldris sé skert.
- i. Að dómari í bráðabirgðaforsjámáli geti ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili barns til bráðabirgða.
- j. Að sú meginregla gildi að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema þau ákveði annað í samningi eða sýslumaður úrskurði á annan veg. Gert er þó ráð fyrir að sýslumaður skuli við það miða í úrskurðum sínum að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt milli foreldra.
- k. Að sýslumaður geti í úrskurðum um inntak umgengni ákveðið að barn skuli búa allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem það telst ekki búa hjá.
- l. Að forsjárlaust foreldri eigi rétt á munnlegum jafnt og skriflegum upplýsingum um barn sitt.
- m. Að barn eigi skýlausan rétt til umgengni við afa og ömmu beggia megin. Að þau komi einnig til álita sem málsaðilar í málum þegar forsjáforeldri sem farið hefur eitt með forsjá fellur frá. Þar hefur sameiginleg forsjá væntanlega ekki átt við út frá hag barnsins að sjálfsögðu t.d. þar sem ríkir óregla, fíkn, alvarlegir sjúkdómar eða ofbeldi.
- n. Ráðgjöf og endurskoðunarákvæði á forsjárfyrirkomulagi þar sem foreldrum býðst t.d. stuðningsviðtal og mat með fagaðila sem hluti af aðhaldi og stuðningi við að standa vörð um hagsmuni barnsins og rækja foreldra- og uppeldisábyrgð sameiginlega.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 10. gr. barnalaga. Breytingin lýtur að því að tryggja karlmanni, sem telur sig föður barns, heimild til að höfða barnsfaðernismál. Við endurskoðun barnalaganna 2003 gerði sifjalaganefnd ráð fyrir því að karlmaður hefði þessa heimild. Við meðferð frumvarpsins á Alþingi var heimildin þrengd þannig að karlmaður í þessari stöðu getur ekki höfðað barnsfaðernismál nema barnið sé ófeðrað.

Telja verður að þessi þrenging á rétti karlmanns til að fá úr því skorið hvort hann sé faðir barns sé óeðlileg og brjóti jafnvel í bága við 1. gr. barnalaga sem mælir skýrt fyrir um rétt barns til að þekkja báða foreldra sína.

Rökstuðningur allsherjarnefndar á sínum tíma var sá að með henni væri verið að koma í veg fyrir tilhæfulausar málshöfðanir. Ætla verður að slíkur ótti sé ástæðulaus. Reynslan hefur sýnt að dómstólar gera mjög strangar sönnunarkröfur í barnsfaðernismálum. Dómstólum ætti því að vera fullkomlega treystandi til að stöðva hugsanlega tilhæfulaus barnsfaðernismál.



#### Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um það hvenær foreldri með sameiginlega forsjá, og jafnframt lögheimili barns, geti breytt lögheimili barnsins. Lögð er til breyting á 28. gr. barnalaga þannig að við greinina bætist ný málsgrein um það að lögheimili barns, sem lýtur sameiginlegri forsjá, verði aldrei breytt nema með samþykki beggja forsjárforeldra.

Með þessu er tryggt að lögheimilisforeldrið geti ekki upp á sitt einsdæmi flutt milli sveitarfélaga, og jafnvel landshorna á milli, án samþykkis hins forsjárforeldrisins.

Í raun ætti ekki að þurfa það ákvæði sem hér er lagt til að bætt verði við 28. gr. því samkvæmt skýru ákvæði 4. mgr. 28. gr. barnalaga felur forsjá barns í sér rétt og skyldu til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Í þessu ætti að felast að lögheimili barns, sem lýtur sameiginlegri forsjá, verði ekki breytt nema með samþykki beggja. Ákvörðun um búsetustað sé ein sú ákvörðun sem báðir forsjáraðilar taki. Í framkvæmd hefur þetta hins vegar ekki virkað með þessum hætti. Þvert á móti hefur verið litið svo á að lögheimilisforeldrinu sé heimilt einhliða að færa lögheimili barnsins, án nokkurrar aðkomu hins foreldrisins.

Nauðsynlegt þykir að láta það koma skýrt fram að ákvörðun um lögheimili barns er ákvörðun sem forsjárforeldrar taka sameiginlega og því er lagt til að það verði sagt í þeirri nýju málsgrein sem hér er lagt til að bætist við 28. gr. barnalaga.

#### Um 3. gr.

Í greininni er lögð til sú meginbreyting að langlífara foreldrið, sem meginregla, fái forsjá barns við andlát skammlífara foreldrisins, án tillits til þess hvort barnið laut sameiginlegri forsjá eða ekki.

Reglur nú eru með þeim hætti að ef forsjá barns er sameiginleg hverfur forsjáin til langlífara foreldrisins við andlát hins skammlífara. Á hinn bóginn gildir að ef foreldri hefur farið eitt með forsjá ásamt maka eða sambýlingi þá hverfur forsjá barns við andlát forsjárforeldrisins til makans eða sambýlingsins en ekki langlífara foreldrisins.

Þetta fyrirkomulag er að margra mati óeðlilegt og því er lagt hér til að langlífara foreldrið fái alltaf forsjána. Áfram er þó gert ráð fyrir því að forsjárforeldrið geti gengið frá yfirlýsingu þar sem það óskar eftir að þriðji maður fái forsjá barns undir þessum kringumstæðum. Mat á því hvort við fyrirmælum í slíkri yfirlýsingu yrði orðið fer eftir hefðbundnum reglum, þ.e. hvaða forsjárskipan er talin barni fyrir bestu þegar forsjárforeldrið er fallið frá.

#### Um 4. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting að foreldrar með sameiginlega forsjá geti samið um það að lögheimili barns geti verið hjá þeim báðum, þ.e. að barn geti átt tvö lögheimili. Í 11. gr. eru lagðar til breytingar á lögum um lögheimili og lögum um tekjuskatt til að tryggja annars vegar að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum og hins vegar að foreldrar sem semja með þessum hætti fái bæði barnabætur sem einstætt foreldri.

#### Um 5. gr.

Sameiginleg forsjá var lögfest sem meginregla með breytingu á barnalögum árið 2006. Skrefið var þó ekki tekið til fulls þá því ekki náðist samstaða um það að heimila dómstólum að dæma áfram sameiginlega forsjá.

Hinn 1. október sl. gengu í gildi í Danmörku ný lög um forræði (forældreansvarsloven) þar sem gert er ráð fyrir því að dómarrar geti ekki í forsjárdeilu slitið sameiginlegri forsjá nema fyrir því séu ríkar ástæður. Sambærilegt ákvæði hefur um langt árabil verið í sænskum lögum.

Full ástæða er til að fylgja fordæmi nágrannalanda okkar í þessu efni, enda ekkert sem mælir með því að dómstólum sé ekki treyst til að meta hvort einhver ástæða sé í raun til að slíta sameiginlegu forsjánni.

Eins og dómaframkvæmd er nú er niðurstaða forsjármáls, sem höfðað er til slíta á

sameiginlegri forsjá eftir að samkomulag náðist um slíkt fyrirkomulag eftir hjónaskilnað eða samvistarshit, nokkuð fyrirsjáanleg. Dómstólar hafa mikla tilhneigingu til að ákveða, af því að ekki er unnt að dæma sameiginlega forsjá, að engar breytingar verði á umhverfi barnsins, enda bendi sálfræðiniðurstöður til að ekkert kalli á að hróflað sé við gildandi fyrirkomulagi. Komi til forsjárdeilu hefur lögheimilisforeldrið því sjálfkrafa allnokkuð sterkari stöðu varðandi niðurstöðu.

Fullyrða má að ef dómstólum verður veitt heimild til að dæma áfram sameiginlega forsjá mun forsjárdeilumálum fyrir dómstólum fækka.

Eftir sem áður getur dómari dæmt hvar lögheimili barns skuli vera. Jafnframt er lagt til að dómari geti við ákvörðun umgengni ákveðið svo rúma umgengni að barnið skuli vera í allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili. Með þessari breytingu er einnig fylgt fordæmi Dana í nýju lögnum sem áður er vikið að.

Þá er gert ráð fyrir því, í ljósi þess að framvegis verði unnt að neita að slíta með dómi sameiginlegu forsjánni, að foreldri, sem áður var með sameiginlega forsjá en hefur misst hana, t.d. í forsjármáli, geti höfðað nýtt forsjármál og fengið aftur sameiginlega forsjá með hinu foreldrinu. Með breytingunni er enn frekari stöðum rennt undir það að tryggja að barn lúti sem oftast sameiginlegri forsjá foreldra.

#### Um 6. gr.

Lagðar eru til þær breytingar á 35. gr. laganna um bráðabirgðaforsjá að ekki verði unnt að slíta sameiginlegri forsjá í bráðabirgðaforsjármáli nema skýrir hagsmunir barns krefjist þess. Með sama hætti er lagt til að ef foreldri óskar eftir að fá dæmda sameiginlega forsjá þegar hitt foreldrið fer eitt með forsjána sé ekki unnt að verða við því í bráðabirgðaforsjármáli nema sýnt sé fram á að forsjárforeldrið sé með skerta forsjárhæfni.

Í þeim tilvikum þegar dómstólar hafa rift sameiginlegu forsjánni strax í bráðabirgðaforsjármálinu má í raun segja að foreldrið sem þannig heldur ekki sameiginlegri forsjá og fær ekki bráðabirgðaforsjá sé í öllu forsjármálinu sem á eftir kemur með lakari stöðu. Stafar það fyrst og fremst af þeirri tilhneigingu dómstóla að raska sem minnst börnum þegar kemur til dóms í forsjármálinu.

Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á 35. gr. er leitast við að jafna stöðu foreldra sem mest í forsjárdeilu.

#### Um 7. og 8. gr.

Í gildandi barnalögum er við það miðað að meginreglan sé sú að foreldri sem sinna skal umgengni og á rétt á henni skuli sjálft bera kostnað af henni. Þetta er ósanngjörn regla og engin ástæða til að losa lögheimilisforeldrið alveg undan því að axla nokkra ábyrgð á kostnaði vegna umgengni barns. Ekki síst er þetta ósanngjarnt í ljósi þess að einstaklingurinn sem nýtur umgengnisréttar á oft og tíðum ekkert val um það hvar barnið býr og þarf að una einhliða ákvörðun forsjárforeldris um flutning á barninu landshluta á milli. Með breytingunni sem hér er lögð til á 46. og 47. gr. laganna er lagt til að kostnaður vegna umgengni skiptist milli foreldra nema þeir ákveðið annað með samningi eða sýslumaður úrskurði annað. Jafnframt er mælt fyrir um það að við úrskurð um þetta atriði skuli sýslumaður miða við það að þessi kostnaður skiptist að jöfnu.

#### Um 9. gr.

Um langa hríð hefur ríkt ruglingur um það hvers konar upplýsingar um barn sitt forsjárlaust foreldri megi fá. Um þetta er fjallað í 52. gr. barnalaga. Ekkert segir í lagaákvæðinu sjálfu á hvaða formi upplýsingarnar skuli vera en í greinargerð með eldri barnalögum var skýrt tekið fram að þessar upplýsingar mættu einvörðungu vera munnlegar. Hefur því almennt verið litið svo á að forsjárlaust foreldri megi eingöngu fá munnlegar upplýsingar um barn sitt.

Líta verður svo á að eðlilegra sé að forsjárlaust foreldri megi fá munnlegar jafnt sem

skriflegar upplýsingar um barn sitt. Hér er því lagt til að í lagaákvæðinu sjálfu komi skýrt fram að veita megi foreldri í þessari stöðu munnlegar jafnt sem skriflegar upplýsingar.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Nái breytingar frumvarpsins á barnalögum fram að ganga þarf samhliða að tryggja að báðir foreldrar teljist framfærendur barnsins í skilningi laga um tekjuskatt og að stuðningur hins opinbera við einstæða foreldra skiptist milli foreldranna. Í 1. tölul. er lögð til breyting á 3. másl. 1. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt sem tryggir að foreldrar með sameiginlega forsjá, sem samið hafa um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, teljist framfærandi í skilningi málsliðarins. Með breytingunni fá foreldrar báðir bætur sem einstætt foreldri í þessum tilvikum, að fullnægðum öðrum skilyrðum fyrir barnabótum.

Verði samningar foreldra um að barn þeirra eigi lögheimili hjá þeim báðum lögfestir þarf að gera ráð fyrir því í lögheimilislögum að barn geti átt tvö lögheimili. Í 2. tölul. er slík breyting lögð til.

*Alþingi*  
*Erindi nr. p 135/891*  
*komudagur 10.12.2007*



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra

Reykjavík, 30. nóvember 2007

Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn um frumvarp til laga um barnalög,  
þskj. 159 - 149. mál.**

Heimili og skóli – landssamtök foreldra styður þessar breytingar á barnalögum. Heimili og skóli telja það til mikilla bóta að börn geti á tvöfalt lögheimili sem og að foreldrar sem ekki fara með forsjá fái munnlegar og skriflegar upplýsingar um barn sitt frá skólakerfinu.

Að mati samtakanna má einnig breyta 2. mgr 34. gr. laganna og setja þar inn ákvæði um það að dómari geti mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi ef foreldra greinir á um forsjá barns.

Virðingarfyllst,

Björk Einisdóttir  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 135/1308  
komudagur 4.2.2008

# Jafnréttisstofa

Til allsherjarnefndar Alþingis

Alþingi

150 Reykjavík

Akureyri, 31. janúar 2008.

**Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, þskj. 159 – 149. mál.**

Jafnréttisstofa fagnar því að lagt hafi verið fram frumvarp til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 þar sem grundvallarsjónarmiðið er aukið jafnrétti kynjanna og sem jöfnust foreldraábyrgð á öllum sviðum. Þó eru atriði í frumvarpinu sem hafa vafist fyrir og þess vegna hefur dregist nokkuð að ganga frá umsögninni. Þau atriði sem hér er átt við eru heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá og það að dómari geti dæmt að barn skuli vera allt að sjö daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki fær lögheimili þess, sjá 5. gr. frv. og sambærileg ákvæði í 6. og 8. gr. frv. Það getur verið vandkvæðum bundið að beita þessari reglu og ef hún verður lögfest má hún ekki verða til þess að meintur „réttur“ foreldra til að barn sé jafnt hjá þeim báðum verði til þess að slakað sé á þeirri meginreglu barnalaga að hagsmunir barnsins vegi þyngst.

## Athugasemdir við frumvarpið:

1. gr. Jafnréttisstofa tekur undir það að karl sem telur sig föður barns geti höfðað barnsfaðernismál þótt barn sé feðrað og tekur undir þær athugasemdir sem koma fram í greinargerð með 1. gr. frv., og telur þetta sjálfsagðan rétt karls.
2. gr. Tekið er undir 2. gr. frv. og athugasemdir í greinargerð með 2. gr. enda ekki eðlilegt að annað foreldri, sem fer með sameiginlega forsjá með hinu foreldrinu, geti flutt lögheimili barns án samþykkis hins foreldrisins því lögheimilisflutningur getur haft í för með sér mjög miklar breytingar á möguleikum barns og þess foreldris sem það á ekki lögheimili hjá til samvista.
3. gr. Ef þessi breyting sem lögð er til í 3. gr. frv. nær fram að ganga þarf að tryggja að forsjáforeldrið fái sannanlega um það upplýsingar að hægt sé að setja fram yfirlýsingu um að við andlát þess fari forsjáin til tiltekins aðila. Það getur verið ósanngjarnt og óeðlilegt að maki eða sambýlingur forsjáforeldris sem alið hefur barn upp með forsjáforeldrinu, jafnvel án mikillar aðkomu hins kynforeldrisins, missi forsjána sjálfkrafa við andlát maka síns eða sambýlings. Slíkt getur raskað stöðu og högum barns óeðlilega mikið.
4. gr. Jafnréttisstofa fagnar þeirri breytingu á barnalögum (og öðrum lögum) sem felst í 4. gr. frumvarpsins. Þessi tillaga, að foreldrar geti samið svo um að barn hafi tvöfalt lögheimili er til þess fallin að gera stöðu foreldra sem fara sameiginlega með forsjá jafnari en nú er og ætti jafnvel að vera meginregla. Þ.e. að ef forsjá er sameiginleg þá sé lögheimili hjá báðum foreldrum.




5. gr. Nokkrar efasemdir eru um það hvort ástæða sé til þess að heimila dómstólum að dæma sameiginlega forsjá, þ.e. hvort það sé raunhæfur kostur. Ef foreldrar greinir það mikið á um fyrirkomulagið að mál er komið til dómstóla á annað borð þá er ekki líklegt að dómsniðurstaða um það foreldrarnir skuli samt hafa sameiginlega forsjá leysi þann ágreining. Í athugasemdum með 5. gr. koma fram rök fyrir því að eins og staðan sé núna hafi það foreldri sem barn hefur lögheimili hjá sterkari stöðu gagnvart dómstólum ef til dómsmáls kemur vegna ágreinings/ósamkomulags um sameiginlega forsjá. Með því að gera tvöfalt lögheimili að meginreglu þegar forsjá er sameiginleg mætti komast hjá þessum vanda því þá yrði staða foreldranna jafnari frá upphafi að þessu leyti.

Í frumvarpinu, 5. gr. – 8. gr., er gert ráð fyrir því að dómari og sýslumaður geti ákveðið/úrskurðað að barn skuli dvelja allt að 7 daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem barn hefur ekki lögheimili hjá/sem barn telst ekki búa hjá. Jafnréttisstofa tekur undir þau meginsjónarmið sem búa að baki þessari tillögu, þ.e. að það skuli teljast meginregla, ef hagsmunir barnsins standa til þess, að barn sé til jafns hjá báðum foreldrum. Þessi regla er betur til þess fallin að stuðla að og koma á jafnri foreldraábyrgð og um leið auknu kynjajafnrétti, auk þess sem það er sjálfsagður réttur barns að vera sem mest samvistum við báða foreldra sína. Verði þessi regla lögfest sem meginregla verður þó að gera ríkar kröfur til dómstóla og til sýslumanna um það að gæta að því að raska högum barns sem minnst og reglan mætti ekki verða til þess að börn yrðu á flakki milli landshluta, og skóla og vana, fram úr hófi. Óhóflega tíð ferðalög geta leitt til rótleysis, sem getur leitt af sér ýmis fleiri vandamál. Það gæti verið heppilegra að hafa regluna með einhverjum öðrum hætti. Til dæmis að úrskurða mætti að barn væri allt að 6 mán. hjá því foreldri sem það telst ekki hafa heimili hjá eða allt að 14 dögum af hverjum 28 eða eitthvað þess háttar. Meginatriðið er að ná fram sem jafnastri foreldraábyrgð, þó alltaf með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Í 7. og 8. gr. frumvarpsins það sett fram sem meginregla að kostnaður við umgengni skuli skiptast jafnt milli foreldra nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði. Þetta er eðlileg og sanngjörn regla, séu báðir foreldrar með í ráðum ef annað t.d. flytur um lengri veg þannig að kostnaður af ferðum barns verði miklu meiri en áður. Hins vegar er það ekki sanngjarnt, og getur komið mjög illa við þau sem eru fremur tekjulág, ef það foreldri sem er með forsjá flytur um langan veg án samráðs við hitt foreldrið, að þurfa að taka á sig auka kostnað þess vegna.

Jafnréttisstofa tekur heils hugar undir 9. gr. frv. um að forsjárlausir foreldrar eigi einnig rétt á að fá skriflegar upplýsingar um barn sitt.

Virðingarfyllst, f.h. Jafnréttisstofu

  
Ingibjörg Elíasdóttir

135. löggjafarþing 2007-2008  
Þskj. 159 - 149. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003.

Umsagnaraðili er Aðalsteinn Sigfússon félagsmálastjóri f.h. Félagsmálaráðs Kópavogs.

Varðandi 1. gr. frumvarps er ekki gerð athugasemd, enda tryggir viðbótarsetning frekar rétt barns til að þekkja föður sinn.

Varðandi 2. gr. frumvarps. Skv. lögum skal barn eiga eitt lögheimili, þrátt fyrir sameiginlega forsjá foreldra. Í flestum tilvikum fer lögheimilisforeldri með megin uppeldisskyldur, svo fremi sem umgengni er ekki jöfn við foreldra. Með því að lögheimilisforeldrinu er gert óheimilt að flytja lögheimili barnsins án samþykkis hins, er lögheimilisforeldrinu settar óeðlilegar skorður til að ráða eigin hag. Í lang flestum tilvikum, nú orðið, semja foreldrar um sameiginlega forsjá og í yfirgnæfandi meirihluta tilvika semst jafnframt um að móðir fari með lögheimili barnsins. Slíkt fyrirkomulag, hvort sem það á sér félagslegar og eða tilfinningalegar skýringar felur þá almennt í sér að mæður fara fremur með daglegar uppeldisskyldur en feður. Undirrituðum er ekki kunnugt um að rannsóknir liggi fyrir um að feður vilji almennt breyta þessu fyrirkomulagi. Það er því óeðlilegt að sá aðili sem ber megin þunga daglegs uppeldis barns, samkvæmt samkomulagi við hitt foreldrið, eigi ekki kost á því að flytja sig um set, ásamt barninu, án samþykkis, en gera verður ráð fyrir að í flestum tilvikum sé slík ráðstöfun ekki gerð til að torvelda umgengni.

Varðandi 3. gr. frumvarps. Ekki gerðar athugasemdir, enda gildir áfram 4. mgr.

Varðandi 4. gr. frumvarps. Þegar kemur til skilnaðar þarf að ráða málum barns með það í huga hvað því er fyrir bestu. Eitt að því sem er mikilvægt fyrir barn er að eiga sér heimili þar sem það getur tekið mið af reglum og venjum. Slíkt skapar staðfestu í umhverfi barnsins og er til þess fallið að auka því öryggi. Sú hættu er til staðar, eigi barn tvö lögheimili að tveir aðilar með jöfnum hætti takist á um uppeldi barnsins og hinar daglegu uppeldisskyldur eru þar með ekki á einni hendi. Hér er gengið út frá því að eigi barnið tvö lögheimili þá hafi það ekki umgengni við foreldra sína, í hefðbundnum skilningi, heldur búi til jafns hjá þeim. Hér er spurning hvort slíkt fyrirkomulag gæti ekki verið misnotað, meir en eðlilegt mætti teljast.

Félagsmálaráð getur þó fallist á sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu að því tilskildu að ekki verði um tvöföldun greiðslna frá ríki að ræða og að fyrir liggi hvor lögheimilisskráningin ráði t.d. við skráningu barns í grunnskóla og er varðar aðrar félagslegar skyldur

Varðandi 5. gr. frumvarps.

- a. Ekki gerðar athugasemdir.
- b. Vísað er til athugasemda við 4. gr.
- c. Ekki gerðar athugasemdir.

Varðandi 6. gr. frumvarps. Ekki eru gerðar athugasemdir.

Varðandi 7. gr. frumvarps. Ekki eru gerðar athugasemdir.

Varðandi 8. gr. frumvarps. Ekki eru gerðar athugasemdir.

Varðandi 9. gr. frumvarps. Ekki eru gerðar athugasemdir.



# KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

FEDERATION OF ICELANDIC WOMEN'S SOCIETIES

Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík - Kennitala 710169-6759 - Sími 552 7430 - Fax 552 7073 - Netfang: kvenfels@centrum.is

ADILI AD

N.H.F.

OG Reykjavík

A.C.W.W. 6. desember 2007

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 135/893**

**komudagur 10.12.2007**

v/135. löggjafarþing 2007-2008

v/Þskj. 159 - 149. mál.

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum.

## UMSÖGN

Kvenfélagasamband Íslands, hér eftir skammstafað KÍ, þakkar fyrir bréf yðar dagsett 13. nóv. 2007, þar sem KÍ er gefið tækifæri til að gera athugasemdir við ofangr. frumvarp.

Í 5. gr. frumvarpsins er m.a. gert ráð fyrir að þær breytingar verði á 34.gr. laganna að dómari geti ákveðið að barn skuli dvelja allt að sjö daga á hverjum 14 dögum hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili þess. KÍ telur að ákvæði þetta geti aukið á rótleysi barna.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þær breytingar verði á 46.gr. að miðað skuli við að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra. KÍ telur ákvæðið ósanngjarnt eitt og sér, taka verður tillit til meðlagsgreiðslna.


Í 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að þær breytingar verði á lögum um lögheimili að foreldrar með sameiginlega forsjá barns, sem ekki búa lengur saman, ákveði að lögheimili barnsins sé hjá þeim báðum. KÍ telur að ákvæði þetta geti aukið á erfiðleika og rótleysi barna. Eðlilegra er að leita heimilda til að skrá auka heimili inni þjóðskrá og að tillit verði tekið til aðstæðna foreldra í kerfinu, s.s. þegar um hjálpartæki vegna fötlunar er að ræða.

Jafnframt telur KÍ að gera þurfi breytingu á 48.gr. barnalaga, þar sem fjallað er um dagsektir, þannig að hægt sé að beita dagsektum sem úrræði fyrir það foreldri sem er að reyna að fá fram umgengni við barnið, af hálfu þess aðila sem barnið er ekki með lögheimili hjá.

## GREINARGERÐ MEÐ UMSÖGN

Kvenfélagasamband Íslands telur að hafa skuli velferð og öryggi barna að leiðarljósi við lagasetningu er lýtur að börnum og eru ofangreindar athugasemdir settar fram með tilliti til þess.

Fyrir hönd Kvenfélagasambands Íslands

  
Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastjóri





LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/844*  
*komudagur 6.12.2007*

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 5. desember 2007

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um barnalög, 149. mál.**

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar en mun ekki gefa umsögn um það.

Virðingarfyllst,  
f.h. Læknafélags Íslands

Gunnar Ármannsson  
Frkvstj.

Nefndasvið Alþingis  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2008.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003. 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 159.– 149. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru meðal annars lagðar til breytingar á reglum um skráningu lögheimilis barna, reglum um sameiginlega forsjá sem og reglum um tilhögun umgengni foreldra við börn sín.

Laganefnd LMFÍ gerir eftirtaldir athugasemdir við efni framangreinds frumvarps.

**Í fyrsta lagi** er á það bent að í frumvarpinu felist óeðlileg skerðing á frelsi þess foreldris sem fer með forsjá barns til að flytja innan lands. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að samþykki hins foreldris sé skilyrði fyrir breytingu lögheimilis barns. Slík skerðing er rökstudd með því að tryggja eigi að „lögheimilisforeldrið“ geti ekki upp á sitt einsdæmi flutt milli sveitarfélaga og jafnvel landshorna á milli, án samþykkis hins sem fer jafnframt með sameiginlega forsjá. Á það er bent af hálfu Laganefndar LMFÍ að grundvallarskilyrði reglunnar um sameiginlega forsjá er samkomulag foreldra. Það sé því óeðlilegt að löggjafinn skerði frelsi foreldris til að ákveða sjálft búsetu innan lands til þess að þvinga fram sameiginlegar ákvarðanir um þennan þátt forsjárskyldna foreldra.

**Í öðru lagi** er bent á að frumvarpið hafi að geyma ákvæði þar gert er ráð fyrir því að dómstólar geti dæmt foreldrum sameiginlega forsjá barna þeirra. Fyrirkomulagið sameiginleg forsjá grundvallast á því að foreldrar eigi samvinnu um ákvarðanir sem lúta að barninu auk þess sem lagðar eru skyldur á herðar foreldra um að virða rétt barna. Það er álit Laganefndar LMFÍ að lög þurfi að vera framkvæmanleg. Með fyrirhuguðum breytingum hefur löggjafinn ætlað þeim foreldrum sem hafa ekki getað samið um forsjárskipan og þurfa af þeim sökum að leita til dómstóla að þola dóm þar sem þeim er gert að hafa samvinnu og að taka sameiginlegar ákvarðanir um forsjá og hagsmuni barnsins. Slík þvinguð samvinna er ekki líkleg til að vera framkvæmanleg og þaðan af síður að vera vænleg fyrir hag barna.

Af hálfu laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

**f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands**

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/746*  
*komudagur 4.12.2007*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 3. des. 2007

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar þau sex þingmál Alþingis sem félaginu hafa borist til umsagnar. Viðbrögð stjórnar PÍ eru sem hér segir:

**1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 141/2003 um eftirlaun æðstu embættismanna, 155. mál**

Stjórn PÍ styður frumvarpið heilshugar og telur eðlilegt að um þessa hópa æðstu embættismanna gildi sömu reglur um lífeyrisréttindi og hjá ríkisstarfsmönnum almennt.

X **2. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum o. fl., 149. mál**

Stjórn PÍ vísar í umsögn sína frá nóv. 2005 um breytingu á barnalögum:

„Stjórn PÍ er hlynnt því fyrirkomulagi að sameiginlegt forræði sé meginregla en bendir jafnframt á nauðsyn þess að veita foreldrum fræðslu um hvað í sameiginlegu forræði felst og fylgja þeim og börnunum betur eftir með það að leiðarljósi að sameiginlega forræðið gangi upp og hagur og velferð barnanna sé í fyrirrúmi.“

Stjórn PÍ styður 149. mál á yfirstandandi þingi að því tilskildu að allar breytingar á lögum styrki stöðu barnanna sem um ræðir. Ákvæði um sameiginlegt forræði, jafna umgengni og tvöfalt lögheimili mega hvorki ýta undir rótleysi né vera á kostnað þess öryggis sem hverju barni er nauðsynlegt í uppvextinum.

**3. Tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 7. mál**

Stjórn PÍ styður tillöguna og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

**4. Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 46. mál**

Stjórn PÍ er andsnúin þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og telur fullkomlega eðlilegt að þeir, sem njóta góðs af störfum stéttarfélags, greiði þangað sanngjarnt þjónustugjald þótt þeir kjósi að eiga ekki aðild að félaginu.

**5. Frumvarp til laga um réttindi samkynhneigðra, 18. mál**


Um þetta mál eru mjög skiptar skoðanir meðal presta eins og fram hefur komið í opinberri umræðu, sem og á prestastefnu og kirkjuþingi 2007. Innan stjórnar PÍ eru mjög mismunandi skoðanir í málinu.

## 6. Frumvarp til laga um kjararáð, 237. mál

Stjórn PÍ lætur nægja að vísa í umsögn sína frá vori 2006 þegar samþykkt voru núgildandi lög um kjararáð:

„Þá staldrar stjórn PÍ við ákvæði 5. gr. um að kjararáð eigi sjálft að ákveða hverjum það úrskurðar laun. Vandséð er hvernig þetta er framkvæmanlegt og á grundvelli hvaða forsendna kjararáð ætti að fækka þeim sem undir það heyra frá því sem nú er og álitamál hvort ekki ætti að telja upp í lagatexta þá aðila sem eiga að heyra undir kjararáð - að því undanskildu að einhverjir þeirra kjósi frekar samningsrétt.“

Virðingarfyllst,  
f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,



sr. Ólafur Jóhannsson, formaður



Allsherjarnefnd Alþingis  
b.t. Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum.  
135. löggjafarþing 2007-2008.  
Þskj. 159 - 149. mál.**

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. nóv. 2007, þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til breytinga á barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins en ástæðuna má rekja til mikilla anna og starfsmannabreytinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**1. gr.**

Varðar málsaðild í faðernismáli.

Í nógildandi lögum segir: “Stefnandi faðernismáls getur verið barnið sjálf, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns, *enda hafi barnið ekki verið feðrað*”.

Lagt er til að fella út síðasta hluta setningarinnar.

Velferðarsvið er meðmælt þessari breytingu og telur hana vera til réttarbóta.

**2. gr.**

Lagt er til að bæta nýrri málsgrein við 28. gr. nógildandi laga (inntak forsjár) þar sem fram kemur að fari foreldrar sameiginlega með forsjá sé því foreldri sem barnið eigi lögheimili hjá, óheimilt að flytja lögheimili barnsins án samþykkis hins.

Að mati Velferðarsviðs er nauðsynlegt að sýna varkárni þegar slík skilyrði eru sett. Telja verður að með þessu sé verið að setja fólki mjög þröngar skorður hvað varðar búsetu og atvinnutækifæri.

### 3. gr.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 30. gr. nógildandi laga ( forsjá við andlát forsjárforeldris). Lagt er til að við andlát forsjárforeldris flytjist forsjáin yfir til hins foreldrisins, hvort sem foreldranir fari saman með forsjána eður ei.

Velferðarsvið telur ekki rétt að breyta núverandi fyrirkomulagi. Í athugasemdum með frumvarpi að nógildandi lögum eru færð rök fyrir núverandi fyrirkomulagi. Þar segir m.a.: *“Við andlát forsjárforeldris verður eðli málsins samkvæmt veruleg röskun á högum barns og við mótun reglna um forsjá í kjölfar slíks áfalls er brýnt sem aldrei fyrr að haga reglum þannig að sem best samræmist hagsmunum barns.”*

Hafa verður í huga hér sem endranær að hagsmunir og velferð barnsins eiga að vera í fyrirrúmi. Rétt er að hafa svigrúm til að meta aðstæður í hverju tilfelli eins og hægt er samkvæmt nógildandi lögum. Forsjárlaus foreldrið hefur ætíð tækifæri til að krefjast forsjár og þá yrði málið skoðað í heild sinni og metið út frá aðstæðum barnsins og tengslum þess við foreldrið og stjúpforeldrið. Ef breyting þessi næði fram að ganga yrði stjúpforeldri, sem alið hefur barnið upp, réttláust hvað varðar forsjá þess. Niðurstaðan gæti þá í mörgum tilfellum orðið sú að foreldri sem lítið eða ekkert hefur komið að uppeldi barnsins fengi forsjá þess. Því er talið heppilegra að halda núverandi fyrirkomulagi þar sem það veldur mun minna álagi fyrir barnið án þess þó að svipta forsjárlaust foreldri rétti sínum til að krefjast forsjár.

### 4. gr.

Lagt er til að gerðar verði þær breytingar á 31. gr. nógildandi laga ( forsjá við skilnað eða samvistarlit foreldra) að barn geti átt lögheimili hjá báðum foreldrum.

Velferðarsvið er ekki meðmælt því að barn geti átt lögheimili hjá báðum foreldrum. Vakin er athygli á því að lögheimilisskráning er grundvöllur réttar til þjónustu samkvæmt ýmsum lögum. Má þar nefna lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lög um leikskóla nr. 78/1994, lög um grunnskóla nr. 66/1995 og lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Því tengist lögheimilisskráning ekki einungis afgreiðslu bóta frá hinu opinbera. Ekki er séð hvaða hagsmuni barn hefur af þessu fyrirkomulagi og telja verður frekar að leggja verði þá skyldu á foreldra að ráða fram úr málum sínum á annan hátt.

Framangreint fyrirkomulag myndi ótvírætt valda miklum flækjum hvað varðar þjónustu á vegum sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna að af hálfu Reykjavíkurborgar er veitt þjónusta á grundvelli framangreindra laga á sex mismunandi þjónustumiðstöðvum í Reykjavík og leitar viðkomandi aðili eftir þjónustu þar á grundvelli lögheimilisskráningar.

### 5. gr.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 34. gr. nógildandi laga ( dómur um forsjá barns o.fl) varðandi heimildir dómara í forsjármáli.

Meðal annars er lagt til að dómstólum verði heimilt að dæma að forsjá skuli vera sameiginleg.

Samkvæmt nógildandi lögum getur dómari eigi mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi en foreldrar geta með dómsátt ákveðið að forsjáin verði sameiginleg. Það verður að teljast eðlileg niðurstaða þar sem forsenda þess að um sameiginlega forsjá geti verið að ræða er að um samvinnu foreldra sé að ræða. Því hlýtur, eðli málsins samkvæmt, að vera óeðlilegt að þvinga fólk til samvinnu í uppeldi barns og engan veginn er hægt að telja þá úrlausn samræmast hagsmunum barnsins. Heiftarlegur ágreiningur foreldra sem sjá sig knúna til að fara í dómsmál varðandi forsjá barns, getur ekki verið lagður til hliðar í kjölfar úrskurðar dómara. Alþekkt er að foreldrar missa oft sjónar á hagsmunum barna sinna í slíkum tilfellum og algengt er að ákvarðanir þeirra varðandi börn sín séu teknar með hefnd að leiðarljósi.

Því getur Velferðarsvið ekki mælt með framangreindri breytingu og telur að ákvæði í nógildandi lögum samræmist betur hagsmunum barna.

#### **6. gr.**

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 35 gr. nógildandi laga ( úrskurður til bráðabirgða um forsjá barns o.fl.). Breytingin varðar m.a það að dómari geti ákveðið að barn skuli búa allt að 7 daga af hverjum 14 hjá því foreldri sem ekki er úrskurðað lögheimili til bráðabirgða enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns.

Í nógildandi lögum getur dómari ákveðið að barn skuli búa hjá foreldrum sínum á víxl og verður að telja að þar sé fyrir hendi nægileg heimild til að taka mið af aðstæðum öllum.

Erfitt er að sjá að það sé barni fyrir bestu að eiga tvö heimili þegar viðurkennt er að börn þurfi að búa við stöðugleika og öryggi í umhverfi sínu. Það að vera sífellt að skipta um umhverfi og jafnvel skóla eða leikskóla getur aldrei verið til þess fallið að hafa góð áhrif á börn, hvorki tilfinningalega, námslega eða félagslega. Þó að foreldrarnir telji sig með þessu móti hafa náð sínu fram getur það ekki verið besti kosturinn fyrir barnið og telja verður að hagsmunir þess séu fyrir borð bornir með slíku fyrirkomulagi.

Því er ekki mælt með slíkri breytingu af hálfu Velferðarsviðs.

#### **7. gr.**

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 46. gr. nógildandi laga ( umgengnisréttur).

Þar kemur fram að það foreldri sem hefur umgengnisrétt við barnið skuli bera kostnað vegna umgengninnar nema annað sé ákveðið með samningi eða úrskurði.

Hér er lagt til að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema annað sé ákveðið með samningi.

Vissulega má fallast á það að í sumum tilfellum getur verið ósanngjarnt að foreldri með umgengnisrétt standi straum af öllum kostnaði við umgengnina. Velferðarsvið telur þó varhugavert að breyta því í þá veru að skipting kostnaðar verði meginreglan. Gera verður ráð fyrir að þetta eigi við í minnihluta umgengnismála og í nógildandi lögum er heimilt að ákveða annað með samningi eða úrskurði.

#### **8. gr.**

Framangreindar athugasemdir eiga einnig við um 8. gr.

**9. gr.**

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 52. gr. núgildandi laga (réttur til upplýsinga um barn) í þá veru að forsjárlaust foreldri eigi rétt á að fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um barnið frá opinberum aðilum.

Velferðarsvið mælir með því að þessu ákvæði verði breytt. Eins og lögin eru í dag hafa forsjárlausir foreldrar sem fylgjast vilja með velferð barna sinna mjög takmarkaðan rétt.

Efnisleg ákvæði 52. gr. núgildandi laga voru tekin upp með lögum 23/1995 og voru skýrð í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga. Þar kom fram að aðeins mætti veita munnlegar upplýsingar og hefur ákvæði þetta valdið erfiðleikum í samskiptum yfirvalda við foreldra. Það verður að telja bagalegt að jafn mikilvægt atriði sé ekki skýrt orðað í lagatexta og því er mælt með því að breyting verði gerð þar á. Í þessu samhengi ber að gæta þess að upplýsingar um forsjárforeldri barns tengjast að sjálfsögðu oft upplýsingum um hagi barns og ber þá að líta til ákvæða upplýsingalaga nr. 50/1996 þegar meta á beiðni aðila um afhendingu gagna. Taka þarf skýrt fram hvort slíkar upplýsingar eigi að veita með afhendingu gagna eður ei. Að mati Velferðarsviðs er eðlilegra og skilvirkara að fara þá leið fremur en að starfsmenn viðkomandi stofnana taki saman sérstaklega þær upplýsingar sem viðkomandi óskar eftir.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

  
Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.



DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2008 02-2008030223  
T-ums 08/08

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135 / 1850*  
*komudagur 19. 3. 2008*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum - sameiginleg forsjá, lögheimili barns o.fl. - 149. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 12. mars 2008 móttengið bréf yðar dagsett 10. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, 149. mál, þskj. 159.

Ríkisskattstjóri telur ástæðu til að gera athugasemdir við tvö atriði í frumvarpinu. Í fyrsta lagi við 4. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytinga á 31. gr. barnalaga nr. 76/2003 í þá átt að foreldrar geti ákveðið að barn eigi lögheimili hjá þeim báðum. Í athugasemdum við framangreint ákvæði frumvarpsins kemur fram að lögð sé til sú grundvallarbreyting að foreldrar geti nú samið um að lögheimili barns geti verið hjá þeim báðum, barn geti þannig átt tvö lögheimili.

Samkvæmt 64. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu tekjur barns sem er innan við 16 ára aldur á tekjuárinu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tölul. 1. mgr. 62. gr. laganna, ef foreldrar þess eru skattlagðir sem hjón en ella með tekjum þess foreldris eða manns sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. A-lið 68. gr. Þá kemur fram í 89. gr. framangreindra laga að menn sem um ræðir í 1. gr. laganna skuli telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 31. desember á tekjuárinu. Eftir að börn verða sjálfstæðir skattaðilar, við 16 ára aldur, ber þeim þannig að telja fram í því umdæmi þar sem þau eiga lögheimili. Verði framangreint ákvæði 4. gr. frumvarpsins að lögum er ljóst að gera þarf breytingar á lögum um tekjuskatt og kveða skýrt á um framtals- og skattlagningarstað barna sem hafa tvöfalt lögheimili, enda getur sú staða komið upp að foreldrar barnsins eigi lögheimili í sitt hvoru skattumdæminu.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 3. másl. 1. mgr. 68. gr. A í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Er lagt til að málsliðurinn orðist svo:

*„Sá er greiddur meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi nema hann fari með sameiginlega forsjá barns og foreldrarnir hafi samið svo um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum, sbr. 5. mgr. 31. gr. barnalaga og 2. mgr. 8. gr. laga um lögheimili.“*

Í skýringum við framangreint ákvæði frumvarpsins segir að nái tillagðar breytingar á

barnalögum fram að ganga þurfi samhliða að tryggja að báðir foreldrar teljist framfærendur barnsins í skilningi laga um tekjuskatt og að stuðningur hins opinbera við einstæða foreldra skiptist á milli foreldranna. Segir svo: „Með breytingunni fá foreldrar báðir bætur sem einstætt foreldri í þessum tilvikum, að fullnægðum öðrum skilyrðum fyrir barnabótum.“ Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins kemur ennfremur fram að lagðar séu til breytingar á lögum um tekjuskatt og lögheimilislögum í 11. gr. frumvarpsins til að tryggja annars vegar að barn geti átt lögheimili á tveimur stöðum og hins vegar að foreldrar sem semja með þessum hætti fái bæði barnabætur sem einstætt foreldri. Rétt er að vekja athygli á því að skv. 2. gr. laga um félagslega aðstoð skal greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra, en ósamræmi í hugtakanotkun milli laga skapar oft óþarfa óvissu og núning um réttarstöðu einstaklingavið breytilegar aðstæður.

Samkvæmt 68. gr. A áður greindra laga fer fjárhæð barnabóta sem greiða skal vegna barna innan 18 ára aldurs á tekjuárinu, eftir tekjum og hjúskaparstöðu framfærenda. Framfærandi sem ekki er í hjúskap eða sambúð þar sem skilyrði til samsköttunar eru uppfyllt, fær greiddar barnabætur sem einstætt foreldri. Sé framfærandi í hjúskap eða í sambúð þar sem skilyrði til samsköttunar eru uppfyllt reiknast barnabætur hins vegar eins og um hjón sé að ræða og skiptast barnabætur þannig á milli foreldris og maka sem ekki er endilega foreldri barnsins. Yrði breyting sú sem lögð er til með frumvarpinu að lögum bæri að reikna barnabætur til framfærenda, beggja foreldra eins og frumvarpið kveður á um. Barnabætur til foreldra sem deila forræði ættu þannig að skiptast á milli þeirra að teknu tilliti til skerðingar vegna tekna. Samkvæmt gildandi lögum myndu barnabætur skerðast um tekjur framfærenda og maka þeirra, í þeim tilvikum sem framfærendur eru í hjúskap eða sambúð. Reiknaðar bætur eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar myndu svo skiptast á milli fjögurra aðila, þ.e. framfærenda og maka þeirra. Óekjutengdar barnabætur myndu þannig einnig skiptast á milli framfærenda og maka þeirra. Þá eru ekki í gildandi lögum neinar reglur um hvernig reikna bæri barnabætur til framfærenda í þeim tilvikum þegar einungis annar framfæranda er í hjúskap eða sambúð.

Ljóst er að foreldrar hafa verulega hagsmuni af því fyrirkomulagi sem stefnt er að með frumvarpi þessu, þannig að gjalda verður varhuga við heildaráhrifum þess að slíkt yrði óeðlilegur hvati til að skipa málum eftir því sem best hentar hverju sinni - án þess að hagsmunir barnanna séu endilega hafðir í fyrirrúmi.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri að lögfesting frumvarpsins leiddi til ýmissa vandkvæða og ófyrirsjáanlegra vandamála í skatt- og félagsmálaframkvæmd og því afar varhugavert að samþykka frumvarpið í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Guðrún J. Jónsdóttir

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3.12.2007

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um barnalög, 149. mál, sameiginlega forsjá, lögheimili barns o.fl.**

Samtökin '78 þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til laga um barnalög. Frumvarpið tekur á afar erfiðum málum þar sem um er að ræða forsjá barna, umönnun þeirra og samvera við foreldra eftir skilnað eða sambúðarslit. Samtökin '78 vilja gera eftirfarandi athugasemdir við framkomið frumvarp:

*Varðandi 3. gr.*

Í 3ju mgr. greinargerðarinnar varðandi 3. gr. kemur fram að hér er lagt til að langlífara foreldri fái alltaf forsjána – en að forsjárforeldri geti gengið frá yfirlýsingu þar sem óskað er eftir að þriðji maður fái forsjá barns. Í þeim tilvikum færi fram mat á því hvort sú tilögun væri barninu fyrir bestu. Bent er á að talsverður fjöldi barna elst upp við það að hafa aldrei átt heimili með öðru kynforeldri sínu og umgengni jafnvel verið takmörkuð eða að líf og aðstæður kynforeldris hafi verið með þeim hætti (vegna veikinda, óreglu eða ofbeldis) að það hefur ekki geta sinnt foreldrahlutverki sínum. Í þessum tilvikum getur það auðveldlega verið barninu fyrir best að dvelja áfram hjá stjúpföreltri sem e.t.v. hefur verið raunforeldri þess til margra ára. Ekki er heldur víst að forsjárforeldri hafi í öllum tilvikum gengið frá yfirlýsingu eins og kveðið er á um í greininni. Þá er heldur ekki ljóst af greininni á hvern hátt matið á aðstæðum barnsins á að vera.

Samtökin '78 telja því ákvæði þessarar greina of þröng og að gæta þurfi frekar að hagsmunum barnsins þegar forsjárforeldri fellur frá.

*Varðandi 4., 5. og 6. gr.*

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að foreldrar geta ákveðið að barn eigi lögheimili hjá þeim báðum. Í 5. gr. kemur fram að dómari getur ákveðið að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili þess. Í 6. gr. kemur einnig fram að dómari geti ákveðið að barn búi allt að sjö daga af hverjum 14 hjá forsjárlausu foreldri á meðan forsjármál er rekið. Þannig er lögð mikil áhersla á það í frumvarpinu að barnið búi hjá foreldrum sínum til skiptis. Samtökin '78 benda á að það getur verið barni mikið álag að eiga tvö heimili og það henti ekki öllum börnum.

Á heimasíðu norska barna- og jafnréttisráðuneytisins má finna upplýsingar um nýlega rannsókn sem gerð er af Kristin Skjörten sem fjallar um reynsluna af því að barn eigi lögheimili hjá báðum foreldrum sínum. Niðurstaðan er að sú tilhögun henti mörgum börnum vel – en alls ekki öllum. Í rannsókninni kemur fram að til þess að það henti barni að eiga lögheimili á tveimur stöðum þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

- samvinna foreldranna þarf að vera góð
- barnið þarf sjálft að langa til að hafa þetta fyrirkomulag og vera ánægt með að eiga tvö heimili

- foreldrnir þurfa að búa nálægt hvort öðru
- barnið þarf að vera hluti af og viðurkennt á báðum heimilunum
- báðir foreldrar þurfa að taka þátt í lífi barnsins, mæta á atburði í skóla, tómstundastarfi o.s.frv.
- foreldrnir þurfa að vera vakandi fyrir að breyta fyrirkomulaginu ef aðstæður barnsins og þarfir breytast.

Samtökin '78 telja því að skoða þurfi frekar forsendur fyrir því að börn eigi lögheimili hjá báðum foreldrum. Þá er mikilvægt að barnið geti rætt við fagaðila um sínar óskir og vangaveltur, auk þess sem hægt þarf að vera að endurskoða ákvörðunina.

*Varðandi 5. og 6. gr.*

Samtökin '78 vilja leggja áherslu á rétt barna til að njóta umönnunar og umgengni við báða foreldra sína, enda er það í flestum tilvikum það besta fyrir barnið. Þó verður að hafa í huga að þau tilvik geta komið upp að svo sé ekki. Þetta kemur m.a. fram í rannsókn frá árinu 2000 um sameiginlega forsjá sem gerð var af dr. Sigrúnu Júlíusdóttur og Nönnu K. Sigurðardóttur. Þær benda á að sameiginleg forsjá þjónar ekki alltaf hagsmunum barnsins. Það á t.d. við þegar sambúð eða hjónaband foreldra hefur litast af fjandskap og togstreitu af ýmsum toga. Þetta á t.d. við þegar ofbeldi, misbeiting, ofdrykkja, vímuefnaneysla, fíknir eða annar sjúkleiki hefur verið til staðar hjá öðru eða báðum foreldrum. Í þeim tilvikum er ekki líklegt að þeir geti komið sér saman um uppeldi og velferð barna sinna.

Samtökin '78 telja því að foreldrar með sameiginlega forsjá eigi kost á öflugri ráðgjöf um foreldrahlutverk sitt og ekki síður samskipti sín. Þá telja Samtökin '78 að hin sterka regla sem fram kemur í 5. og 6. gr. frumvarpsins um sameiginlega forsjá ekki taka nægilegt tillit til ofangreindra þátta.

Með hliðsjón af því sem að framan segir vilja Samtökin '78 undirstrika þörfina á öflugri ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum, geðlæknum, sálfræðingum og öðrum fagmönnum fyrir foreldra sem eru að slíta sambúð, hjónabandi eða staðfestri samvist. Að ráðgjöfinni þarf að vera gott aðgengi, jafnt fyrir börn og foreldra, og hægt að leita ráðgjafar bæði áður en ósætti um hina fjölmögur þætti sambúðarslita koma upp eða þegar ósætti er um fyrirkomulag umgengni, samvinnu o.fl. Ráðgjöfin gæti þá einnig hjálpað barninu og foreldrum þess til að endurskoða fyrirkomulag ef það hentar barninu ekki lengur.



Alþingi

Erindi nr. P 135/747

komudagur 4. 135/747

## Sýslumaðurinn í Kópavogi

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi 3. desember 2007

### Umsögn

#### um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, þingmál 149.

Frumvarpið er lagt fram af Dögg Pálsdóttur. Frumvarpið lýtur fyrst og fremst að ákvæðum laganna um sameiginlega forsjá og lögheimili barns.

Rétt er að vekja athygli á því að á síðasta ári var barnalögum nr. 76/2003 breytt með lögum nr. 69/2006 er tóku gildi 30 júní s. á. Með þessari lagabreytingu var sameiginleg forsjá barna gerð að meginreglu eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra. Við frekari breytingar á barnalögum virðist því rétt að miða við að forsjá barna sé almennt sameiginleg. Undantekningar frá því séu helst í þeim tilvikum að almennur og verulegur ágreiningur á milli foreldranna hafi komið í veg fyrir að þeim hafi þótt sameiginleg forsjá tæk, ellegar að barn sé getið og fætt utan hjónabands eða sambúðar og foreldrum hafi ekki þótt ástæða til að semja um sameiginlega forsjá.

Sameiginleg forsjá getur verið heppileg lausn fyrir börn þegar góð sátt er milli foreldra um tilhögun umgenginnar og þar sem ríkir gott samkomulag um allt er varðar uppeldi barnanna og foreldrar taka í hvívetna tillit til hagsmuna þeirra. Í sumum tilfellum getur það hins vegar verið skaðlegt fyrir barn ef sameiginleg forsjá er þvinguð fram þegar ósætti er milli foreldra í veigamiklum atriðum. Það getur einnig verið óheppilegt og jafnvel skaðlegt fyrir börn að hafa tvo búsetustaði. Það gæti fylgt því mikið rötleysi fyrir barnið. Barninu gæti jafnvel fundist að það ætti ekkert heimili frekar en það ætti tvö. Það er í flestum tilfellum mjög óheppilegt fyrir barn að vera aðra hverja viku í sitt hvorum skólanum. Ef mikill áherslumunur er milli uppeldisaðferða hjá foreldrum hefur það óheppileg áhrif á barnið. Í mörgum tilfellum getur sameiginleg forsjá verið illfrankvæmanleg t. d. ef foreldrar búa langt frá hvort öðru. Þegar verulegt ósætti er milli foreldra eða sameiginleg forsjá getur ekki komist á með eðlilegum hætti er heppilegra að annað foreldrið hafi forsjá barns en hitt hafi eins rúman umgengnisrétt eins og kostur er fremur en að knýja fram sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Það má segja að megingallinn við breytingu á barnalögum sem varð með lögum nr. 69/2006 þegar sameiginleg forsjá var gerð að meginreglu hversu lögin eru fáorð um raunverulegt inntak sameiginlegrar forsjár. Margir hafa þá hugmynd að slíkt forsjárfyrirkomulag þýði í raun að barn eigi að vera að jöfnu hjá hvoru foreldri fyrir sig, “viku og viku fyrirkomulag”. Jafnvel þótt foreldrar komi sér saman um slíkt fyrirkomulag getur það verið augljóslega óheppileg niðurstaða fyrir barnið. Í þessu tilviki reynir mjög á sýslumenn og fulltrúa þeirra að leiðbeina foreldrum og leiða mál til lykta með hagsmunum barnsins í huga.

Í frumvarpi því sem lagt hefur verið fram á Alþingi er fyrst og fremst fjallað um sameiginlega forsjá og rýmkaðar heimildir til þess að koma henni á. Vikið er hér að nokkrum atriðum í frumvarpinu sem telja verður að orki mjög tvímælis.

1. gr. frumvarpsins þarfnast nánari athugunar. Greinin samrýmist ekki núverandi ákvæðum barnalaga um ógildingarmál og véfengingarmál.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að það foreldri sem barnið á lögheimili hjá sé óheimilt að flytja lögheimili barnsins án samþykkis hins. Hér er of langt gengið í því að leggja hömlur á búferlaflutning fólks, einkum þegar flutt er innan sama sveitarfélags eða í næsta nágrenni. Það er ótrúlegt að almenningur vilji setta sig við að eiga búsetubreytingar undir neitunarvaldi fyrrverandi maka eða sambýlisaðila. Þá verður að svara þeirri spurningu hvernig á að bregðast við ef viðkomandi foreldri flytur í raun og veru í annað sveitarfélag án þess að láta sig neinu varða hvernig lögheimilisskráningu er háttað. Ella er eingöngu stofnað til réttaróvissu með þessari breytingu án þess að séð verði að nokkru raunhæfu markmiði sé náð fram.

Í 4. gr. er svo fyrirmælt að foreldrar geti ákveðið að barnið eigi lögheimili hjá báðum foreldrum. Þetta ákvæði þarfnast ítarlegrar skoðunar. Það brýtur í fyrsta lagi í bága við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili þar sem segir að enginn geti átt lögheimili hér á landi á fleiri en einum stað í senn. Ýmsar spurningar vakna svo sem undir hvaða barnaverndarnefnd málefni viðkomandi barns heyri, og undir hvaða sýslumann mál heyri ef upp kemur og varðar barnið, um meðlagsgreiðslur o. fl. Víða í lögum eru réttaráhrif tengd lögheimilisskráningu. Ekki liggur fyrir hvort þetta hafi verið kannað og hvaða áhrif þessi breyting gæti haft í för með sér á fjölda annarra laga. Sem dæmi má nefna að eftir þá lagabreytingu sem hér er stungið upp á vaknar vafi um hvert 17 ára ungmenni með tvö lögheimili á að borga útsvar og hvar barn í þessari stöðu á að ganga í skóla. Í frumvarpinu er þessum spurningum ekki svarað. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða á skráningarkerfum ríkisins sem gæti haft í för með sér kostnað að breyta. Ekkert kostnaðarmat vegna þessa liggur fyrir.

Í 5. gr. eru ákvæði um að dómari geti dæmt sameiginlega forsjá svo og að dómari geti ákveðið að barn skuli dvelja allt að sjö daga af hverjum 14 hjá foreldrinu sem ekki fær lögheimili þess. Í greinargerð með frumvarpinu er vitnað til nýrra laga í Danmörku. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að í Svíþjóð voru sett lög er heimiluðu dómara að dæma sameiginlega forsjá sem þóttu ekki gefa góða raun og hefur lögum þar verið breytt að fenginni reynslu og dregið úr slíkri heimild dómara. Það verður að telja varhugavert að knýja fram sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Það er einnig varhugavert að gera það að ríkjandi reglu að sameiginleg forsjá þýði það að barn dveljist að jöfnu hjá báðum foreldrum. Aðstæður geta verið þannig að slíkt sé ekki framkvæmanlegt eða í sumum tilfellum beinlínis skaðlegt fyrir barnið. Hugsanlegt er þó að það kynni að draga úr ótímabærum málshöfðunum ef sá möguleiki væri fyrir hendi að dómari hefði heimild í undantekningartilvikum til að dæma sameiginlega forsjá.

Aðeins eru 18 mánuðir liðnir frá því barnalögum var breytt á þá lund að sameiginleg forsjá barns var gerð að meginreglu eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra og því er ekki komin nægileg reynsla á þær breytingar. Því tel ég óheppilegt að gera nú breytingar á barnalögum sem orka mjög tvímælis. Það er æskilegra að fyrst sé fengin reynsla á þá breytingu sem varð á barnalögum með lögum nr. 69/2006, áður en frekari breytingar eru gerðar á ákvæðum laganna um sameiginlega

forsjá. Það er æskilegt að fagleg rannsókn fari fram á umræddri lagabreytingu. Það kæmi til greina að athuga öll þau mál sem hafa komið til kasta sýslumanna og dómstóla eftir umrædda lagabreytingu til þess að gera sér sem gleggsta grein fyrir ágreiningsatriðum og meta hvort og þá hvaða lagabreytinga sé þörf eftir þá rannsókn. Það er einnig mikilvægt að líta til reynslu annarra þjóða hvað þetta varðar.


Við endurskoðun barnalaga væri æskilegt að taka til endurskoðunar fleiri atriði en sem fram koma í nefndu lagafrumvarpi sem varða samskipti foreldra og barna eftir skilnað eða sambúðarslit. Sem dæmi má nefna eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi má nefna að þörf er á skýrari ákvæðum um inntak sameiginlegrar forsjár.

Í öðru lagi má nefna að æskilegt er að leggja aukna áhersla á að ljúka sem flestum forsjármálum og umgengnismálum með sátt. Með því væri unnt að fækka málum sem koma til úrskurðar hjá sýslumönnum eða koma til kasta dómstóla. Það hefði í för með sér betri niðurstöðu bæði fyrir viðkomandi barn og foreldra þess. Slíkt hefði að auki í för með sér að í fleiri tilfellum væri unnt að ljúka deilum milli foreldra með sameiginlegri forsjá. Í 33. gr. barnalaga eru ákvæði um að sýslumaður geti vísað deilu til sérfræðings til sáttameðferðar. Auk þessarar leiðar er mikilvægt að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra leggðu meiri áherslu á að leiða mál til lykta sjálfir án þess að vísa málinu til sáttameðferðar til annarra. Í þessu sambandi er einnig lögð áhersla á að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra öðlist sérstaka menntun og þjálfun í sáttameðferð. Tilraun sem gerð hefur verið í þessa veru lofar góðu og dómsmálaráðuneytið hefur nýlega hafið að styrkja starfsmenn sýslumannsembættanna til að mennta sig í sáttameðferð. Til þess að undirstrika mikilvægi sáttaleiðarinnar er æskilegt að í barnalögum verði mörkuð stefna að þessu leyti.

Í þriðja lagi má nefna að æskilegt væri að sýslumaður hefði rýmri heimild til að leita faglegrar aðstoðar sérfræðings, sálfræðings, við úrlausn umgengnismála án þess að þurfa ætíð að vísa því til barnaverndarnefndar. Aðstoðin gæti verið í því fólgin að sálfræðingurinn starfaði annað hvort með sýslumanni t.d. ef þyrfti að ræða við barn og kanna afstöðu þess eða sálfræðingurinn myndi vinna sjálfstætt að ákveðnum verkefnum að beiðni sýslumanns. Má sem dæmi nefna könnun á högum hvors foreldris og hvernig hag viðkomandi barns yrði best borgið. Ef hins vegar mál er þess eðlis að ástæða sé að vísa því til barnaverndarnefndar er eðlilegt að svo sé gert án tafar. Reynslan er víða sú að afgreiðsla máls getur tafist um 6 til 12 mánuði ef þarf að vísa því til barnaverndarnefndar. Þessi tilhögun myndi eiga fyrst og fremst við í einfaldari málum þar sem ekki er í raun þörf á að barnaverndarnefnd komi að málinu. Þetta hefði óhjákvæmilega einhver aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. En það hefði einnig í för með sér að málsmeðferð í umgengnismálum yrði hraðari og skilvirkari sem er mikilvægt. Til þess að þetta úrræði verði virkt þyrfti að breyta barnalögum að þessu leyti

Með vísun til þess sem sagt hefur verið er lagst gegn samþykkt frumvarpsins að óbreyttu. Efni þess þarfnast ítarlegrar skoðunar sem þyrfti að byggjast á frekari rannsókn og reynslu á framkvæmd barnalaga 76/2003 svo og á þeim breytingum sem urðu á lögnum með lögum nr. 69/2006. Að auki þyrfti að taka til skoðunar fleiri atriði en nefnd eru í frumvarpinu svo sem greint er frá hér að framan.

  
Þorleifur Pálsson  
SÝSLUMAÐUR  
Í KÓPAVOGI

# Sýslumannafélag Íslands

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/748*  
*komudagur 4.12.2007*

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Vík 3. desember 2007

Hér með sendist umsögn Sýslumannafélags Íslands vegna frumvarps til breytinga á barnalögum, 149. þingmál. Lúta breytingarnar að ákvæðum laga 76/2003 um sameiginlega forsjá, lögheimili barns o.fl. Flutningsmaður er Dögg Pálsdóttir.

Sýslumaðurinn í Reykjavík vann umsögn þessa fyrir félagið en þar er mestur fjöldi sifjamál, sem lúta að börnum og mikil reynsla og þekking í meðferð sifjamála. Einnig vísast til umsagnar sýslumannsins í Kópavogi, sem hann hefur sjálfur sent.

## 1. gr. um faðerni

Um réttmæti þeirra breytinga sem hér eru lagðar til eru skiptar skoðanir í hópi sýslumanna, sem annarra. Það eru mikilvægir persónulegir hagsmunir barns að það sé rétt feðrað frá upphafi. Álitamál koma frekar upp varðandi hvenær það sé barni fyrir bestu að vefengja skráð faðerni þess. Dómur þess efnis að sá sem fram til þess hefur verið talinn faðir barns, sé það ekki lengur, heldur annar maður, felur í sér mikla röskun á högum eintaklings á barnsaldri. Af þeim sökum voru í eldri barnalögum settir málshöfðunarfrestir til að koma í veg fyrir að mál sem slík væru ekki höfðuð eftir 5 ára aldur barns, nema í undantekningartilvikum. Þó að málshöfðunarfrestir þessir hafi verið felldir niður með barnalögum 76/2003 er rétt að minnst þess að vefenging á faðerni barns, sem þegar hefur verið feðrað, er alvörumál.

Samkvæmt nágildandi lögum getur sá, sem telur sig vera föður barns, sem þegar hefur verið feðrað, ekki látið reyna á það fyrir dómi. Það gildir hvort sem barnið er fætt innan eða utan hjónabands eða skráðrar sambúðar, með öðrum orðum ekki gerður greinarmunur á því hvort barnið var feðrað með pater est reglunni eða með sérstakri faðernisviðurkenningu þess manns sem var lýstur faðir. Það má benda á þann möguleika að gera þarna greinarmun á, varðandi möguleika á að höfða mál eins og frumvarpið leggur til.

Samkvæmt nágildandi lögum getur skráður faðir barns höfðað mál telji hann sig ekki vera föður þess. Móðir barnsins getur einnig höfðað slíkt mál og loks barnið sjálft. Breytingin sem lögð er til, hefur því sjálfstæða þýðingu í þeim tilvikum þegar barn er þegar feðrað, en hvorki faðir þess, móðir né barnið sjálft viija höfða vefengingarmál. Þá getur sá sem telur sig vera föður þessa barns höfðað mál og krafist þess að verða dæmdur faðir þess. Ekki er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir neinum málshöfðunarfrestum, þannig að sá sem telur sig föður feðraðs barns getur höfðað mál hvort sem barnið er eins árs, 10 ára eða 20 ára. Er óhjákvæmlegt að benda á að fullveðja "barn" getur þar ekki rönd við reist, jafnvel þó viðkomandi barn sé því mótfallið að fá úr því skorið hvort feðrun hafi verið rétt. Vaknar hér spurning um hvaða hagsmuni er verið að vernda.



# Sýslumannafélag Íslands

Einnig má benda á að frumvarpið veitir manni sem telur sig föður feðraðs barns heimild til að höfða mál til fá úr því skorið, en tilsvarendi málshöfðunarheimild er ekki veitt feðruðu barni. Samkvæmt núgildandi lögum getur barn farið í vefengingarmál. Ef það reynist á rökum reist getur barnið ekki höfðað mál á hendur þeim sem það sjálft telur vera föður, nema sýnt sé að móðirin hafi bendlað þann mann við faðerni barnsins. Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á þessu.

Í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins er fullyrt að dómstólar geti stöðvað tilhæfulaus barnsfaðernismál en svo er ekki. Samkvæmt frumvarpinu er karlmanni heimilt að höfða mál sem þetta vegna feðraðs barns ef hann "telur sig föður". Önnur skilyrði eru ekki sett. Málshöfðunin sjálf og málsmeðferðin, jafnvel þó niðurstaðan verði að faðerni barns standi óbreytt, myndi mörgum finnast meiðandi. Það er svo álitamál hvort það séu rök gegn þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar. Þær hugmyndir hafa komið upp að það hafi einhverjar afleiðingar ef málssókn sem þessi reynist tilefnislaus, að viðurlög af einhverju tagi séu við hæfi. Þá kæmi til álita að leyfi þyrfti til málshöfðunar, að eitthvert mat fari fram annaðhvort á vegum dómstóla eða stjórnvalda.

Þegar barn er feðrað, og feðrunin dregin í efa, þá heitir það "véfengingarmál" samkvæmt barnalögum. "Faðernismál" er það síðan kallað þegar skorið er úr um faðerni ófeðraðs barns. Þannig hafa það verið tvö dómsmál sem af því hljóttast þegar leiðrétt þarf faðerni feðraðs barns, fyrst er höfðað vefengingarmál og síðan barnsfaðernismál. Mismunandi reglur eru í barnalögum um aðild varnarmegin eftir því hvort um er að ræða vefengingarmál eða faðernismál. Segja má að málshöfðanir af því tagi sem frumvarpið leggur til, sé ný tegund dómsmála á þessu sviði og ástæða til að fjalla betur um þá nýbreytni sem í því felst. Segja má að þarna sé í einu dómsmáli í senn höfðað vefengingarmál og faðernismál. Væntanlega er ástæða til að gera slíkum málshöfðunum skil í nýrri grein í barnalögum, fremur en á þann hátt sem lagt er til. Fjalla þarf um aðild varnarmegin og t.d. ákveða hvort erfingjar manns sem taldi sig föður geta farið í svona mál. Þá má benda á að þess er ekki getið í frumvarpinu hvort ætlunin er að hin nýja regla gildi um börn sem fædd eða feðruð fyrir gildistöku laganna. Er óhemjubrýnt að semja vandaðar lagaskilareglur þegar breytingar sem þessar eru gerðar á lögum.

## 2. gr. um búferlaflutning innanlands.

Búferlaflutningur barns er til þess fallinn að raska umgengni þegar flutningurinn leiðir til þess að langur vegur verður á milli heimila foreldranna. Þegar þannig stendur á verður umgengni bæði erfiðari og dýrari. Stundum hafa flutningar þær afleiðingar að umgengnin skerðist verulega og bitnar það á hagsmunum barnsins. Að jafnaði er það hagsmunamál fyrir barn að foreldrar þess búi ekki of langt hvort frá öðru en sú skylda er ekki lögð á foreldra samkvæmt barnalögum, heldur er það lagt í hendur foreldra að taka um þetta þær ákvarðanir sem þeir telja bestar. Það er ástæða til að leggja áherslu á að búferlaflutningur lögheimilisforeldris og umgengnisforeldris leiða í þessu efni til sömu niðurstöðu. Það skiptir ekki máli hvort foreldrið flytur búferlum, ef vegalengdin á milli heimilanna lengist. Ef það er nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins, að setja þá reglu sem lögð er til, að lögheimilisforeldri geti ekki flutt með barnið án samþykkis hins, þá er það jafnbrýnt, með tilliti til hagsmuna barnsins, að umgengnisforeldrið geti ekki heldur flutt án samþykkis hins.

Búferlaflutningur um skamman veg raskar ekki umgengni en þó er lagt til að samþykki þurfi vegna slíks. Regla sú sem lögð er til í 2. gr. hefur það í för með sér að lögheimilisforeldri getur ekki flutt

# Sýslumannafélag Íslands

---

lögheimili sitt og barnsins innanlands, án samþykkis hins. Gildir einu hvort það færir nær eða fjær hinu foreldrinu. Foreldrið sem barnið er ekki með lögheimili hjá, getur hinsvegar flutt án hindrunar. Í þeim tilvikum sem barn er með lögheimili hjá báðum foreldrum, yrði þó jafnræði, hvorugt þeirra gæti flutt lögheimili sitt án samþykkis hins. Spyrja má hvort sú regla sem hér er lagt til að verði lögfest, verði til að tryggja þá hagsmuni barns að ekki sé langur vegur milli foreldra eða hvort hún muni ekki síður tryggja rétt annars foreldris til afskipta af einkahögum hins.

Ástæða er til að skoða hvernig bregðast á við ómálefnalegri neitun gegn búferlaflutningi. Er ástæða til að lögheimilisforeldri geti látið reyna á synjunin með öðrum hætti en þeim að höfða forsjármál og krefjast þess að hafa alfarið forsjá? Er foreldrum heimilt að bera ágreining sinn á þessu sviði undir dómstóla eða stjórnvöld?

Varðandi sameiginlega forsjá er litið svo á að meiriháttar ákvörðunum varðandi barn þurfi báðir foreldrar að standa að. Í 4. mgr. 28. gr. barnalaga segir m.a. að í forsjá felist að ákvarða búsetustað barns. Þetta hefur verið túlkað svo að eftir að foreldrar með sameiginlega forsjá hafa gert með sér samning um hjá hvoru þeirra lögheimili er, þá megi sá aðili flytja innanlands með barnið. Í raun er verið að leggja til að lögfest verði sú regla að það teljist alltaf vera meiriháttar ákvörðun að flytja lögheimili barns.

Rétt er að benda á að tillaga frumvarpsins er um að flutningur lögheimilis barns sé óheimill án samþykkis beggja foreldra en sú regla kemur ekki í veg fyrir að fólk flytji búferlum, án þess að færa lögheimili sitt.

Einn valkostur í þessum efnum er sá að foreldrum verði samkvæmt barnalögum heimilað að semja um að búseta beggja, eða barnsins, verði innan tiltekins svæðis, tímabundið eða ótímabundið, og ekki megi flytja út fyrir það afmarkaða svæði, án samþykkis beggja.

### 3. gr. um forsjá eftir andlát.

Fullyrða má að núgildandi regla barnalaganna um að við andlát foreldris, sem fer eitt með forsjá, fari forsjá til stjúpforeldris, sé því til að dreifa, er ekki í samræmi við réttarvitund almennings. Sýslumenn verða í störfum sínum mjög varir við gagnrýni foreldra á þessa reglu. Almenn virðist fólk þykja eðlileg sú regla sem lögð er til í frumvarpinu, þ.e. að látist foreldri sem fer eitt með forsjá, þá fari forsjá til hins kynforeldrisins, án tillits til þess hvort stjúpforeldri sé til að dreifa eða ekki. Segja má að sú regla sem frumvarpið leggi til feli í sér að forsjá stjúpforeldris falli niður við andlát foreldris sem er eitt með forsjá.

### 4. gr. um tvöfalt lögheimili.

Færst hefur í vöxt að foreldrar semji um að barn búi hjá þeim á víxl, oft viku og viku. Ekki er reiknað með í frumvarpinu að skráning á tvöföldu lögheimili barns eigi aðeins við í slíkum tilvikum. Þannig væri hægt að skrá barn með lögheimili hjá báðum foreldrum, jafnvel þó búseta væri alfarið hjá öðru foreldrinu og búseta foreldra væri í sitt hvorum landshluta.

# Sýslumannafélag Íslands

---

Þar sem lögheimili barns er oft fyrirstaða, þrátt fyrir að foreldrar hafi samið um alla aðra hluti, þætti ekki óeðlilegt, ef á annað borð á að leyfa tvöfalda lögheimilisskráningu, að foreldrar sem fara með sameiginlega forsjá barns geti samið um að barnið eigi lögheimili hjá þeim báðum að því tilskildu að gerður hafi verið skriflegur umgengnissamningur, staðfestur af sýslumanni.

Samkvæmt 4. gr. er það ekki gert að skilyrði fyrir tvöfaldri lögheimilisskráningu að forsjá sé sameiginleg. Í 11. gr. þar sem lögð er til breyting á lögum um lögheimili er gert ráð fyrir að foreldrar með sameiginlega forsjá barns ... geti ákveðið að lögheimili barnsins verði hjá þeim báðum. Samkvæmt því er tvöföld lögheimilisskráning bundin við að foreldrar hafi sameiginlega forsjá. Það er ákveðið ósamræmi að gera ekki sameiginlega forsjá að skilyrði einnig í 4. gr.

Orðinu "lengur" í tillögu um breytingu á lögum um lögheimili í 11. gr. frumvarpsins sýnist vera ofaukið, með því gefið til kynna að aðeins foreldrum sem hafa búið saman, sé kleift að hafa tvöfalda lögheimilisskráningu.

Það er nokkuð um að foreldrar deili um hjá hvoru þeirra lögheimili barns eigi að vera skráð, jafnvel þó þau hafi gert með sér samkomulag um búsetu barnsins, forsjá, umgengni og meðlag. Skráning lögheimilis barns hjá foreldri gefur því foreldri stöðu einstæðs foreldris og kann því að að vera skiljanlegt að báðir foreldrar sækist eftir þeirri aðstöðu, enda geta þar verið verulegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi. Sú regla sem frumvarpið leggur til veitir foreldrum ákveðna útgönguleið í þessum efnum, þau geta einfaldlega bæði haft lögheimili barnsins. Í framhaldi af lagabreytingu eins og hér er lögð til, eða samhliða, kann að vera tilefni til að skilgreina upp á nýtt hvað felst í stöðu einstæðs foreldris þegar lögheimili barns er hjá báðum foreldrum.

Hvorki er í frumvarpinu né í athugasemdum fjallað um tilhögun meðlags við þær aðstæður að barn hafi lögheimili hjá báðum foreldrum sínum. Óhjákvæmilegt er að fjalla um það. Barnalögin ganga út frá því að það foreldri sem barn er ekki með lögheimili hjá, sinni framfærslu sinni með greiðslu meðlags, sem ekki getur orðið lægra en svokallað einfalt meðlag. Það hvort meðlag eigi að vera hærra, veltur á högum foreldra og þörfum barns. Þannig er reiknað með, þegar einföldu meðlagi sleppir, að foreldrar leggi til framfærslunnar í samræmi við efnahag og þarfir barns. Það er ekki regla gildandi barnalaga að foreldrum beri að framfæra barn að jöfnu.

Þá sýnist nauðsynlegt að svara þeirri spurningu hvaða sveitarfélagi barn teljist tilheyra sem hefur lögheimili hjá báðum foreldrum.

## 5. gr. um dómsmál vegna forsjár.

Engin ástæða er til annars en að stíga það skref að dómari geti dæmt að forsjá skuli áfram vera sameiginleg. Lög 69/2006 lýsa þeirri afstöðu löggjafans að sameiginleg forsjá sé æskileg eftir skilnað og sambúðarslit foreldra og því skýtur skökku við að dómari geti ekki, að athuguðu máli, dæmt á þann veg, telji hann það barni fyrir bestu.

Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir að dómari geti í forsjármáli ákveðið hina nýju skipan lögheimilis, þ.e. að barn hafi lögheimili hjá báðum foreldrum, jafnvel þó dómari ákveða að barn búi á víxl hjá foreldrum. Þegar foreldrar hafa samið um að hafa lögheimili hjá báðum, en annað vill breyta því

# Sýslumannafélag Íslands

---

fyrirkomulagi, gæti forsjármál verið sú leið sem valin yrði í ljósi þess að ekki verði dæmt lögheimili hjá báðum.

## 6. gr. um forsjá til bráðabirgða á meðan forsjármál er rekið.

Rétt er að benda á að dómari getur, samkvæmt núgildandi barnalögum ákveðið að sameiginleg forsjá verði áfram óbreytt á meðan forsjármál er til meðferðar og getur einnig ákveðið að barn dvelji á víxl hjá foreldrum undir rekstri slíks forsjármáls, sjá 1. og 2. mgr. 35. gr. barnalaga.

Vakin er athygli á að lagt er til að "skýrir" hagsmunir barns þurfi að vera fyrir hendi til að sameiginlegri forsjá verði slitið til bráðabirgða en síðar í greininni þar sem fjallað er um skilyrði fyrir að ákveða að barn búi í 7 daga af hverjum 14 hjá hvoru foreldri er aðeins talað um "hagsmuni" barns. Það er viðurkennd grundvallarregla í barnarétti að úr máli skuli ávallt leyst eftir því sem barninu er fyrir bestu. Sú regla gildir jafnt um ákvarðanir dómara um niðurfellingu sameiginlegrar forsjár sem um ákvarðanir um umgengni. Færi ágætlega á því að segja í barnalögum að dómara bæri að taka ákvarðanir sínar um forsjá, forsjá til bráðabirgða, lögheimili, umgengni, meðlag o.s.frv. á grundvelli þess sem er barninu fyrir bestu.

## 7. gr. - um kostnað við umgengni.

Samkvæmt núgildandi lögum er meginreglan sú að kostnaður við umgengni greiðist af þeim sem umgengni nýtur. Hægt er að semja um annað og einnig er hægt að gera kröfu um að sýslumaður úrskurði um aðra skiptingu kostnaðarins. Slík erindi til sýslumanna eru fátíð. Má spyrja hvort sú staðreynd geti bent til að almennt telji foreldrar núgildandi meginreglu sanngjarna, öfugt við það sem fullyrt er í athugasemdum.

Í frumvarpinu er lögð til ný meginregla, að foreldrar greiði kostnað að jöfnu, en jafnframt hægt að semja um annað sem og að leggja fram kröfu hjá sýslumanni um aðra skiptingu. Reyndar segir í lok athugasemda með 7. og 8. grein að sýslumaður skuli, við úrskurð um þetta atriði, jafnan miða við að kostnaður þessi skiptist að jöfnu. Vandséð er hvaða þýðingu það á að hafa að leggja ágreining þennan undir sýslumann þegar svo skýr fyrirmæli eru gefin um niðurstöðuna. Við úrlausn ágreinings um kostnað við umgengni samkvæmt núgildandi lögum er litið til fjárhags foreldra sbr. athugasemdir með 46. gr. barnalaga.

Það hvort umgengni raskist alvarlega af því að foreldrar búi langt frá hvort öðru getur ráðist töluvert af efnahag þeirra. Verði meginreglu um kostnað af umgengni breytt svo sem hér er lagt til, er rétt að taka fram að við úrlausn ágreiningsmála um ferðakostnað beri sýslumanni að taka tillit til efnahags foreldra og því hvaða tilhöggun greiðslu ferðakostnaðar sé best til þess fallin að greiða fyrir umgengni og samrýmist þar með best hagsmunum barnsins.

Í athugasemdum er á það bent að ósanngjarnt sé að sá sem umgengni nýtur þurfi að borga allan kostnað af umgengni, ekki síst í ljósi þess að viðkomandi hafi oft á tíðum ekkert val um hvar barnið býr. Skal tekið undir þetta en jafnframt bent á að langur vegur milli foreldra og aukinn kostnaður við umgengni getur allt eins hlotist af breyttri búsetu þess foreldris sem nýtur umgengninnar. Ræður

# Sýslumannafélag Íslands

---

lögheimilisforeldrið þar engu um. Ekki verður því séð að sú regla sem frumvarpið leggur til, leiði endilega til þess að útrýma óréttlæti á þessu sviði.

Mikilvægt er, verði þessi breyting gerð, að tilgreina að það sé ferðakostnaður barns sem eigi að skiptast milli foreldra. Væntanlega ekki ætlunin að skipta öðrum kostnaði af umgengni.

## 8. gr. - um umgengni í 7 daga af hverjum 14.

Lagt er til í 8. gr. frumvarpsins að sýslumaður geti úrskurðað að umgengni verði í 7 daga af hverjum 14, enda þyki slíkt fyrirkomulag samræmast hagsmunum barns. Ekki er vikið að rökum fyrir tillögu þessari í athugasemdum með frumvarpinu þó hér sé um veigamikla breytingu að ræða en kemur þó fram að þarna yrði fylgt dönsku fordæmi.

Vakin er athygli á að tillaga um að sýslumanni eða dómstóli sé heimilt að ákveða skipta búsetu barns, er ekki bundið við að foreldrar hafi sameiginlega forsjá barnsins. Hægt er að ákveða að barn dvelji til jafns hjá foreldri án forsjár.

Foreldrar geta í dag samið um að búseta barns sé hjá þeim til skiptis. Það sem lagt er til í frumvarpinu er að hægt sé að ákveða slíkt fyrirkomulag, af sýslumanni, eða dómara ef svo ber undir, gegn mótmælum annars foreldrisins. Fyrirkomulag jafnrar búsetu hlýtur eðli málsins samkvæmt að krefjast mikillar og góðrar samvinnu foreldra, ef ekki á að koma niður á hagsmunum barnsins. Það hlýtur því að orka tvímælis að koma slíku fyrirkomulagi á með ákvörðun stjórnvalds eða dómstóls.

Ef barn á að búa til skiptis hjá foreldrum, er eðli máls samkvæmt nauðsynlegt að þau búi nálægt hvort öðru. Mikilvægt er að daglegri rútfna barns sé sem minnst raskað af því hjá hvoru foreldri það heldur til. Verður dómstóli eða sýslumanni heimilt að gera áframhaldandi búsetu foreldra í nágrenni hvort við annað að skilyrði fyrir ákvörðun um að skipta búsetu barns? Verður við það miðað að forsendur bresti ef annað foreldrið flytur út fyrir til tekið svæði? Skólaganga barns sem býr hjá báðum foreldrum er sérstakt umfjöllunarefni, ástæða er til að taka af vafa um að gengið sé út frá því að barn gangi í einn skóla / leikskóla.

Ekki er um það kunnugt að rannsakað hafi verið hér á landi hvernig fyrirkomulag jafnrar búsetu reynist börnum, við hvaða aðstæður það reynist vel og hvenær síður. Ástæða er til að slíkar rannsóknir eigi sér stað áður en skref þetta er tekið. Viðhorf hérlendis til þessa fyrirkomulags þarf að kanna sem og reynslu foreldra og barna af fyrirkomulaginu.

Mikilvægt er að þær reglur sem settar eru um forsjá og umgengni séu til þess fallnar að draga úr togstreitu og ágreiningi milli foreldra um börn sín, að reglurnar ýti ekki undir fjölgun ágreiningsmála, fremur að úr þeim dragi.

Álitamál kanna að vera hvort kalla eigi það "umgengni" þegar barn er hjá foreldrum til skiptis. Hvort foreldra hefur þá umgengni við barnið?

Ekki virðist endilega reiknað með því að tvöföld skráning lögheimilis fylgi þeirri niðurstöðu sýslumanns eða dómara að barn skuli búa til jafns hjá foreldrum.

# Sýslumannafélag Íslands

---


**9. gr. - um upplýsingar um barn.**

Sú breyting sem í frumvarpinu er lögð til sýnist vera eðlileg.

**10. gr. - um gildistöku.**

Áður hefur verið að því vikið og verður það ítrekað að vandaðra lagaskilareglna er þörf.

Stjórn félagsins leggst gegn samþykkt laganna að óbreyttu. Stjórnin telur að fram þurfi að fara frekari umræður um efni breytinga þessara m.a. á vettvangi þeirra sem vinna við meðferð þessara mála þ.á.m. sýslumanna og dómara



*Anna Birna Þráinsdóttir*  
Anna Birna Þráinsdóttir  
sýslumaður í Vík  
og form. sýslumannafélags Íslands

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/744*  
*komudagur 4.12.2007*

3. desember 2007

Frá Tilveru, samtökum um ófrjósemi

vegna þskj. 159 -- 149. mál

Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr 76/2003, með síðari breytingum

Til þess er málið varðar,

við í stjórn Tilveru sjáum ekki ástæðu til að gera athugasemd við frumvarpið. Breytingarnar sem lagðar eru til tryggja rétt beggja foreldra og hafa hag barnsins að leiðarljósi.

Fyrir hönd Tilveru,

Elín Einarsdóttir

Formaður

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/825**  
**komudagur 5.12.2007**

Reykjavík, 3. desember 2007  
HJ/SLB/021/07

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum, 149. mál.**

Vísað er til bréfs, dags. 13. nóvember 2007 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Þær athugasemdir sem stofnunin hefur fram að færa eru eftirfarandi:


Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að foreldrar geti ákveðið að barn eigi lögheimili hjá þeim báðum en það hefði í för með sér að þeir teldust báðir framfærendur þess. Í 11. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um lögheimili nr. 21/1990 til samræmis við þetta ákvæði.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á ýmsum ákvæðum í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 sem kveða á um greiðslur til framfæranda barns. Það skiptir oft höfuðmáli varðandi rétt til greiðslna vegna barns samkvæmt þessum lögum hver sé framfærandi þess þar sem hann er þá viðtakandi greiðslna. Ef ætlunin væri að breyta því hver telst framfærandi barns þannig að foreldrar gætu báðir verið það þyrftu að koma til viðeigandi breytingar á lögum þessum þar sem m.a. væri tekið á því hvort eða hvernig greiðslur ættu að skiptast milli foreldranna eða hvort greiða eigi þeim báðum fullar greiðslur.

Þær greiðslur sem einkum þarf að hafa í huga í þessu sambandi eru barnalífeyrir, mæðra- og feðralaun, umönnunargreiðslur með börnum, uppbót vegna kaupa á bifreið, styrkur til kaupa á bifreið og styrkur vegna hjálpartækja.

Á það skal einnig bent að af 11. gr. frumvarpsins má ráða að gert sé ráð fyrir því að þrátt fyrir að barn sé með lögheimili hjá báðum foreldrum sínum geti annað þeirra verið að greiða hínu meðlag með því. Þar sem Tryggingastofnun ríkisins er skylt að hafa milligöngu um meðlagsgreiðslur skv. 67. gr. barnalaga og 63. gr. almannatryggingalaga þyrfti að liggja ljóst fyrir hvort og/eða hvenær væri úrskurðað eða staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur þegar foreldrar barns teljast báðir framfærendur þess á grundvelli þess að það er með lögheimili hjá þeim báðum.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lilly Baldursdóttir  
starfandi forstjóri

**TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS**







*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/846*  
*komudagur 6.12.2007*

## UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2007  
UB: 0712/4.1

*Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum, 149. mál.*

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 13. nóvember 2007, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.


Frumvarpið boðar nokkrar grundvallarbreytingar á barnalögum. Mikilvægt er að slíkar breytingar sem varða réttindi, velferð og hagsmuni barna séu teknar af vel ígrunduðu máli. Allar breytingar á barnalögum verða fyrst og fremst að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi. Umboðsmaður barna hefur ekki tók á að svara frumvarpi þessu í heild sinni á svo skömmum tíma, en vill þó koma á framfæri eftirfarandi.

Undirrituð telur ofangreint frumvarp fela í sér viðamiklar breytingar sem að töliverður leyti snúast um hagsmuni og réttindi foreldra, en ekki hagsmuni barna. Á undanförunum árum hefur þróunin verið í þá átt að báðir foreldrar taki jafnari þátt í umönnun og uppeldi barna sinna og er það er af hinu góða. Börn foreldra, sem búa ekki saman, dvelja nú í ríkara mæli til skiptis á tveimur heimilum. Það krefst mikillar aðlögunar og sveigjanleika af hálfu barnanna. Oftast virðist sem þetta fyrirkomulag gangi vel en hins vegar hafa embætti umboðsmanns barna borist ábendingar sem benda til þess að hagsmunir barnanna séu stundum fyrir borð bornir, þegar jafn afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar er varða þau. Umboðsmaður barna telur því réttast



að síðjalaganefnd, þar sem helstu sérfræðingar á sviði barnaréttar sitja, komi að þessum breytingum á lögunum og fari yfir mál þessi í heild sinni. Hér á landi skortir enn rannsóknir á líðan og velferð þessara barna þegar fram í sækir. Því er nauðsynlegt að kynna sér vel rannsóknir, réttarframkvæmd og þróun þessara mála í helstu nágrannalöndunum. Lög eiga að sjálfsögðu ekki að hamla réttarþróun en breytingar er varða líf, hagsmuni og velferð barna verða að byggja á rannsóknum, umræðu og sátt í samfélaginu, þar sem að velferð barnanna er aðalatriðið.

Virðingarfyllt

  
Margrét María Sigurðardóttir